

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 61

við Stjórnartíðindi EB

7. árgangur

21.12.2000

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna

<b>2000/EES/61/01</b>	Skrá yfir ölkelduvatn sem viðurkennt er af hálfu Íslands .....	1
	<b>2. Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
<b>2000/EES/61/02</b>	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins - Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum (Aðstoð nr. 99-012- Liechtenstein .....	2
<b>2000/EES/61/03</b>	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum (Aðstoð nr. 00-003 (áður aðstoð nr. 95-003) - Noregur .....	3
<b>2000/EES/61/04</b>	Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA um samstarf milli innlendra samkeppnisyfyrvalda og Eftirlitsstofnunar EFTA við meðferð mála sem falla undir gildissvið 53. og 54. gr. EES-samningsins .....	5
<b>2000/EES/61/05</b>	Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 135/00/COL samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól til annarra EFTA-rikkja, aðildarríkja Evrópusambandsins og hagsmunaaðila um ríkisaðstoð í formi byggðastyrkja á Íslandi (kort yfir styrkt svæði) (Aðstoð nr. 00-002) .....	17
<b>2000/EES/61/06</b>	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 142/00/COL frá 26. júlí 2000 um að loka máli sem hafið var vegna kvörtunar yfir meintri ríkisaðstoð til ákveðinna fyrirtækja í formi tiltekinna skilmála í rafmagnssamningum („Kraftkontrakter på myndighetsbestemte vilkår“) (ríkisaðstoð nr. 020.500.032 - Noregur) .....	21
<b>2000/EES/61/07</b>	Viðmiðunarfjárhæðir á sviði opinberra innkaupa sem gilda frá 1. júlí 2000 .....	26

	<b>3. EFTA-dómstóllinn</b>	
<b>2000/EES/61/08</b>	Dómur dómstólsins frá 22. júní 2000 í máli E-2/99: Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi .....	28
<b>2000/EES/61/09</b>	Dómur dómstólsins frá 14. júlí 2000 í máli E-2/00 (beiðni um ráðgefandi álit frá Oslo byrett (borgardómur Óslóar)): Allied Colloids o.fl. gegn norska ríkinu, en í fyrirsvari er ráðuneyti sveitarstjórna og byggðaðpróunar .....	29
<b>2000/EES/61/10</b>	Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Héraðsdómi Reykjavíkur í máli Höllu Helgadóttur gegn Daniel Hjaltasyni og Vátryggingafélagi Íslands hf. (Mál E-7/00 - Ísland) .....	30
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Ráðið</b>	
	<b>2. Framkvæmdastjórnin</b>	
<b>2000/EES/61/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2252 – Kuoni/TRX/e-TRX/TRX Central Europe JV) .....	31
<b>2000/EES/61/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2258 – Telecom Italia/Beni Stabili/Lehman Brothers) .....	32
<b>2000/EES/61/13</b>	(Mál nr. COMP/M.2270 – Babcock Borsig/MG Technologies/SAPMarkets/ Deutsche Bank/Va Tech/ec4ec) .....	33
<b>2000/EES/61/14</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1832 – Ahold/ICA Förbundet/Canica) .....	34
<b>2000/EES/61/15</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2125 – Hypo Vereinsbank/Bank Austria) .....	34
<b>2000/EES/61/16</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2140 – BAWAG/PSK) .....	35
<b>2000/EES/61/17</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2181 – RWE/Thames Water) .....	35
<b>2000/EES/61/18</b>	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans - Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki .....	36
<b>2000/EES/61/19</b>	Skrá yfir útgefin skjöl framkvæmdastjórnarinnar .....	38
<b>2000/EES/61/20</b>	Leiðrétting á lýsingu eftir umsóknum .....	39
<b>2000/EES/61/21</b>	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	40
	<b>3. Dómstóllinn</b>	

# EFTA-STOFNANIR

## FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

### Skrá yfir ölkelduvatn sem viðurkennt er af hálfu Íslands 2000/EES/61/01

Í samræmi við 1. gr. tilskipunar ráðsins 80/777/EEB frá 15. júlí 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns<sup>(1)</sup>, sbr. 26. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn, hefur Ísland sent fastanefnd EFTA-ríkjanna skrá yfir ölkelduvatn, sem viðurkennt er sem slíkt, til birtingar í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*. Skráin er sem hér segir:

Viðskiptaheiti	Heiti ölkeldunnar	Vinnslustaður
AKVA	AKVA-lindir	Glerárdalur, Akureyri

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 229, 30. 8. 1980, bls. 1.

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt  
c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

2000/EES/61/02

### Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

<b>Ákvörðunin var samþykkt þann:</b>	27.9.2000
<b>EFTA-riki:</b>	Liechtenstein
<b>Aðstoð nr.:</b>	99-012
<b>Titill:</b>	Medienförderungsgesetz (Lög um styrki til fjölmiðla)
<b>Markmið:</b>	Margbreytni og fjölbreytileiki í fjölmiðlum
<b>Lagastoð:</b>	Lög um styrki til fjölmiðla
<b>Form aðstoðarinnar:</b>	Styrkir, samningsbundar bótagreiðslur, lán sem ber að endurgreiða
<b>Styrkuppþæð:</b>	1,5 milljónir CHF

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt  
61. og 63. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í bókun 3  
við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

2000/EES/61/03

**Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum**

<b>Ákvörðunin var samþykkt þann:</b>	5. júlí 2000	<b>Ákvörðunin var samþykkt þann:</b>	5. júlí 2000
<b>EFTA-riki:</b>	Noregur	<b>EFTA-riki:</b>	Noregur
<b>Aðstoð nr.:</b>	00-003 (áður aðstoð nr. 95-003)	<b>Aðstoð nr.:</b>	00-005 (áður aðstoð nr. 99-007)
<b>Titill:</b>	Tilkynning um breytingu á áætlun um þróunarstyrki ( <i>utviklingstilskudd</i> ). Áætlunin er rýmkuð þannig að hún tekur einnig til aðstoðar til þjálfunar (LMF) og skipasmíða (rannsóknir og þróun).	<b>Title:</b>	Tilkynning um breytingar á áætlun um styrki á sviði verkefnisþróunar ( <i>prosjektutviklingstilskudd</i> ). Áætlunin er rýmkuð þannig að hún tekur einnig til aðstoðar til þjálfunar (LMF) og skipasmíða (rannsóknir og þróun).
<b>Markmið:</b>	Fyrst og fremst aðstoð við LMF og í öðru lagi aðstoð vegna rannsókna og þróunar (óbreytt).	<b>Markmið:</b>	Fyrst og fremst aðstoð vegna rannsókna og þróunar og í öðru lagi aðstoð við LMF, þar með talin „mjúk“ aðstoð (óbreytt).
<b>Lagastoð:</b>	Lög nr. 97 frá 3. júlí 1992 um norska iðn- og byggðaþróunarsjóðinn (Statens nærings- og distriktutviklingsfond) (óbreytt).	<b>Lagastoð:</b>	Ríkisfjárlög fyrir 1999, lög nr. 97 frá 3. júlí 1992 um norska iðn- og byggðaþróunarsjóðinn (Statens nærings- og distriktutviklingsfond).
<b>Umfang aðstoðar:</b>	Þjálfunaraðstoð við LMF: allt að 70% brúttó fyrir almenna þjálfun og allt að 35% brúttó fyrir sérstaka þjálfun.	<b>Umfang aðstoðar:</b>	Þjálfunaraðstoð við LMF: allt að 70% brúttó fyrir almenna þjálfun og allt að 35% brúttó fyrir sérstaka þjálfun. Skipasmíðar: Allt að 65% brúttó fyrir iðnaðarrannsóknir á vegum LMF (sbr. 8. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1540/98 frá 29. júní 1998).
<b>Skipasmíðar:</b>	Allt að 65% brúttó fyrir iðnaðarrannsóknir á vegum LMF (sbr. 8. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1540/98 frá 29. júní 1998).		
<b>Fjárveiting:</b>	Fyrir árið 2000: 194 milljónir NOK (engar breytingar).	<b>Styrkuppþæð:</b>	100 milljónir NOK (11,4 milljónir EUR) í fjögur ár frá 1999 til 2002 (óbreytt).
<b>Gildistími:</b>	Óákveðinn, en Stórþingið mun ákveða hann árlega við undirbúning ríkisfjárlaga (óbreytt).	<b>Gildistími:</b>	Fyrir fjögurra ára tímabil frá 1999 til 2002, en Stórþingið mun ákveða hann árlega við undirbúning ríkisfjárlaga (óbreytt).

<b>Ákvörðunin var samþykkt:</b>	5. júlí 2000
<b>EFTA-riki:</b>	Noregur
<b>Aðstoð nr.:</b>	00-006 (áður aðstoð nr. 98-008)
<b>Titill:</b>	Tilkynning um breytingar á áætlun um styrki til byggðapróunar ( <i>distrikts-utviklings-tilskudd</i> ). Áætlunin er rýmkuð þannig að hún tekur einnig til aðstoðar til þjálfunar og skipasmíða.
<b>Markmið:</b>	Byggðastyrkur og aðstoð við litil og meðalstór fyrirtæki (óbreytt).
<b>Lagastöð:</b>	Lög nr. 97 frá 3. júlí 1992 um norska iðn- og byggðapróunarsjóðinn (Statens nærings- og distriktsutviklingsfond) (óbreytt).
<b>Form aðstoðar:</b>	Á svæðum sem eru á byggðastyrkjakortinu: Þjálfunaraðstoð til stórra fyrirtækja: Allt að 50% brúttó fyrir almenna þjálfun, allt að 25% fyrir sérstaka þjálfun. Þjálfunaraðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja: Allt að 75% brúttó fyrir almenna þjálfun, allt að 35% brúttó fyrir sérstaka þjálfun. Skipasmíðar: Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð: 12,5% (sbr. 7. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1540/98 frá 29. júní 1998). Rannsóknar- og þróunarstyrkir til stórra fyrirtækja: Allt að 30% brúttó fyrir þróunarstarfsemi fyrir markaðssetningu og 55% fyrir rannsóknir á sviði iðnaðar. Rannsóknar- og þróunarstyrkir til lítilla og meðalstórra fyrirtækja: Allt að 40% brúttó fyrir þróunarstarfsemi fyrir markaðssetningu og 65% fyrir rannsóknir á sviði iðnaðar. Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja: Allt að 50% fyrir ráðgjafarþjónustu, þjálfun og miðlun þekkingar.
<b>Fjárveiting:</b>	Fyrir árið 2000. 819 milljónir NOK (breytingarnar hafa engin áhrif þar á).
<b>Gildistími:</b>	Óákveðinn, en Stórþingið mun ákveða hann árlega við undirbúning ríkisfjárlaga (óbreytt).

**TILKYNNING FRÁ EFTIRLITSSTOFNUN EFTA****2000/EES/61/04****um samstarf milli innlendra samkeppnisyrvalda og Eftirlitsstofnunar EFTA við meðferð mála sem falla undir gildissvið 53. og 54. gr. EES-samningsins**

- A. Þessi tilkynning er gefin út samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningnum milli EFTA-rikkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól).
- B. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur gefið út tilkynningu um samstarf milli innlendra samkeppnisyrvalda og framkvæmdastjórnarinnar við meðferð mála sem falla undir gildissvið 85. og 86. gr. EB-sáttmálans (nú 81. og 82. gr.)<sup>(1)</sup>. Þessi gerð, sem ekki er bindandi, hefur að geyma meginreglur og ákvæði sem framkvæmdastjórnin fylgir á sviði samkeppnismála. Í henni er einnig gerð grein fyrir því á hvaða hátt framkvæmdastjórnin hyggst starfa með innlendum samkeppnisyrvöldum.
- C. Eftirlitsstofnun EFTA telur að fyrrnefnd gerð varði Evrópska efnahagssvæðið. Til þess að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja að samkeppnisreglum EES sé beitt á sama hátt alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu samþykkir eftirlitsstofnun EFTA þessa tilkynningu á grundvelli þeirrar heimildar sem hún hefur samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Hún hefur í hyggju að fylgja meginreglum og ákvæðum sem kveðið er á um í þessari tilkynningu við beitingu viðeigandi EES-reglna í tilteknu máli.
- D. Markmið þessarar tilkynningar er einkum að skýra hvernig Eftirlitsstofnun EFTA hyggst starfa með samkeppnisyrvöldum í EFTA-rikkjunum við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins í einstökum málum.

**I. HLUTVERK EFTA-RÍKJANNA OG EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA**

1. Á sviði samkeppnismála gegna Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-rikin ólíku hlutverki. Á meðan Eftirlitsstofnun EFTA er, ásamt framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (hér á eftir kölluð framkvæmdastjórnin), eingöngu ábyrg fyrir framkvæmd EES-samkeppnisreglna, beita EFTA-rikin ekki aðeins eigin landslögum heldur taka þau einnig þátt í að hrinda í framkvæmd 53. og 54. gr. EES-samningsins.
2. Þessi þátttaka EFTA-rikkjana í samkeppnisstefnu innan EES þýðir að hægt er að taka ákvarðanir eins nálægt viðkomandi aðilum og við verður komið. Dreifð beiting samkeppnisreglna EES leiðir einnig til betri verkefnaskiptingar. Ef æskilegast er að hrinda fyrirhugaðri i aðgerð í framkvæmd á vettvangi EES, vegna umfangs hennar eða áhrifa, ber Eftirlitsstofnun EFTA að gera það, þegar hún er bær til þess samkvæmt 56. gr. EES-samningsins<sup>(2)</sup>. Annars ber þar til bæru samkeppnisyrvaldi viðkomandi EFTA-rikkis að hlutast til um málið.
3. EES-rétti er annars vegar beitt af Eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórninni og innlendum samkeppnisyrvöldum og hins vegar af innlendum dómstólum, samkvæmt meginreglum EES-réttar og dómafordæmum EFTA-dómstólsins, EB-dómstólsins og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 313, 15.10.1997, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Valdsviðið til að fara með einstök mál sem falla undir 53. og 54. gr. EES-samningsins skiptist á milli Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna samkvæmt reglum sem kveðið er á um í 56. gr. EES-samningsins. Eingöngu ein stofnun er bær til að fara með hvert mál fyrir sig.

Það er hlutverk innlendra dómstóla að vernda réttindi einstaklinga í innbyrðis samskiptum þeirra<sup>(3)</sup>. Samkvæmt EB-rétti leiða þessi réttindi af þeirri staðreynd að dómstóllinn hefur viðurkennt að bannið í 1. mgr. 81. gr. og 82. gr. EB-sáttmálans<sup>(4)</sup> og undanþágur samkvæmt reglugerðum<sup>(5)</sup> hafa bein réttaráhrif. Að svo miklu leyti sem um EES-rétt og EFTA-ríkin er að ræða telur Eftirlitsstofnun EFTA að innri áhrif EES-réttar í EFTA-rikkjunum séu undir innlendri stjórnskipun komin, með fyrirvara um bókun 35 með EES-samningnum. Samkvæmt þeirri bókun eru EFTA-ríkin skuldbundin til að setja, ef þörf krefur, sérstök lagaákvæði þess efnis að í þeim tilvikum þar sem kemur til árekstra milli EES-reglna, sem komnar eru til framkvæmda og annarra settra laga, gildi EES-reglurnar. Samkvæmt EFTA-dómstólum er það ennfremur eðli slíkra ákvæða að komi til árekstra milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmda og innlendra laga verða einstaklingar og atvinnurekendur að hafa rétt til að skírskota til og krefjast allra réttinda heima fyrir sem leitt gætu af ákvæðum EES-réttar, sem eru eða hafa verið tekin upp í viðeigandi innlendan rétt, enda séu þau nægilega skýr og óskilyrt<sup>(6)</sup>. Samskipti innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA, að því er varðar beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins, voru útskýrð í tilkynningu sem stofnunin birti 1995<sup>(7)</sup>. Þessi tilkynning, sem samsvarar tilkynningunni frá 1995 um samskipti við innlenda dómstóla, varðar samskipti við innlend yfirvöld.

4. Sem stjórnslustofnanir starfa bæði Eftirlitsstofnun EFTA og innlend samkeppnisyfirlönd í þágu hagsmuna almennings þegar þau sinna því almenna hlutverki sínu að hafa eftirlit með og framfylgja samkeppnisreglum<sup>(8)</sup>. Samskipti þeirra ákvarðast fyrst og fremst af þessu sameiginlega hlutverki að vernda almenna hagsmunum. Enda þótt þessi tilkynning sé hliðstæð tilkynningunni um samvinnu við innlenda dómstóla tekur hún einkum mið af þessu séreinkenni.

5. Sérstakt hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA og innlendra samkeppnisyfirlönd einkennist af því umboði sem þessar stofnanir hafa í krafti EES-samningsins og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Í 1. mgr. 9. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(9)</sup> segir: „Með fyrirvara um endurskoðun EFTA-dómstólsins, í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði samnings þessa, á ákvrðun hennar hefur Eftirlitsstofnun EFTA óskorað vald til að lýsa því yfir að 1. mgr. 53. gr. verði ekki beitt á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins með þeim skilyrðum sem er að finna í 56. gr. EES-samningsins“. Og í 3. mgr. 9. gr. sama kafla er kveðið á um að: „Hafi Eftirlitsstofnun EFTA ekki byrjað málsmeðferð samkvæmt 2.<sup>(10)</sup>, 3.<sup>(11)</sup> eða 6. gr.<sup>(12)</sup>, eru yfirvöld EFTA-ríkjanna áfram bær að beita ákvæðum 1. mgr. 53. gr. og 54. gr.“.

Af þessu leiðir að innlend samkeppnisyfirlönd hafa vald til að beita banninu í 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins, enda hafi þau til þess nauðsynlegar heimildir samkvæmt landslögum. Að því er varðar beitingu 3. mgr. 53. gr. hafa þau hins vegar ekki heimild til að veita undanþágu í einstökum tilvikum. Þeim ber að taka tilhlýðilegt tillit til sérhverrar ákvrðunar eða annarra ráðstafana sem Eftirlitsstofnun EFTA grípur til samkvæmt því ákvæði. Þau geta einnig tekið mið af öðrum aðgerðum stofnunarinnar í slíkum tilvikum, einkum stöðluðum svarbréfum (comfort letter), sem þær geta litið á sem málsatvik.

<sup>(3)</sup> Mál T-24/90 *Automec gegn framkvæmdastjórn* („*Automec II*“) [1992] dómasafn II-2223, 85. mgr. Í 6. gr. EES-samningsins er kveðið á um að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni skuli við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðin hafa verið upp fyrir undirritunardag EES-samningsins, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála. Hvað varðar úrskurði dómstólsins sem skipta máli og kveðin hafa verið upp eftir undirritunardag EES-samningsins leiðir það af 2. mgr. 3. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól að Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn taki tilhlýðilegt tillit til þeirra meginrelna sem mælt er fyrir um í þeim.

<sup>(4)</sup> Mál 127/73 *BRT gegn SABAM* [1974] dómasafn 51, 16. mgr.

<sup>(5)</sup> Mál 63/75 *Fonderies Roubaix-Wattrelos gegn Fonderies A. Roux* [1976] dómasafn 111.

<sup>(6)</sup> Sjá mál E-1/94, *Restamark*, dómur frá 16.12.1994, skýrsla EFTA-dómstólsins 1. janúar 1994 – 30. júní 1995, bls. 15, 77. mgr.

<sup>(7)</sup> Tilkynning um samvinnu milli innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins (EES-deild Stjtið. EB nr. C 16 frá 4.5.1995 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 4.5.1995).

<sup>(8)</sup> *Automec II*, sjá 3. nmgr, 85. mgr.

<sup>(9)</sup> Samsvarar 1. mgr. 9. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 17 frá 6. febrúar 1962.

<sup>(10)</sup> Neikvætt vottorð.

<sup>(11)</sup> Endi bundinn á brot – ákvarðanir um bann.

<sup>(12)</sup> Ákvarðanir samkvæmt 3. mgr. 53. gr.

6. Eftirlitsstofnun EFTA telur að það muni stuðla að aukinni skilvirkni 53. og 54. gr. EES-samningsins og almennt séð styrkja beitingu EES-samkeppnisreglnanna alls staðar á EES ef hlutverk innlendra samkeppnisyfivalda er aukið. Í því skyni að vernda og þróa EES telur stofnunin að beita beri þessum reglum á eins viðtækan hátt og auðið er. Þar sem innlend yfirvöld eru í meiri nálægð við reksturinn og fyrirtækin sem á að hafa eftirlit með eru þau oft í betri aðstöðu en Eftirlitsstofnunin til að vernda samkeppni.

7. Því ber að skipuleggja samvinnu milli innlendra yfirvalda og Eftirlitsstofnunar EFTA. Ef þetta samstarf á að skila árangri verða þau að hafa með sér náð og stöðugt samband.

8. Í þessari tilkynningu setur Eftirlitsstofnun EFTA fram þær meginreglur sem hún beitir í framtíðinni við meðferð mála sem þar er lýst. Markmið tilkynningarinnar er auk þess að hvetja fyrirtæki til að leita í ríkara mæli til innlendra samkeppnisyfivalda.

9. Í þessari tilkynningu er lýst framkvæmd þeirrar praktísku samvinnu sem er æskileg milli Eftirlitsstofnunar EFTA og innlendra yfirvalda. Hún hefur hvorki áhrif á valdsvið Eftirlitsstofnunarinnar né innlendra yfirvalda samkvæmt EES-rétti að því er varðar meðhöndlun einstakra mála.

10. Í málum, sem falla undir gildissvið EES-réttar, og til að komast hjá endurteknu eftirliti á því hvort gildandi samkeppnisreglur séu virtar, sem er kostnaðarsamt fyrir viðkomandi fyrirtæki, skal eftirlit, þar sem því verður við komið, framkvæmt af einni stofnun (annaðhvort af samkeppnisyfivaldi EFTA-ríkis eða Eftirlitsstofnun EFTA). Eftirlit framkvæmt af einni stofnun er fyrirtækjum til hagsbóta.

Samhliða málsmeðferð fyrir Eftirlitsstofnun EFTA annars vegar og hins vegar fyrir innlendu yfirvaldi er kostnaðarsamt fyrir fyrirtæki með starfsemi sem fellur bæði undir gildissvið EES-réttar og samkeppnislög EFTA-ríkis. Þetta kann að leiða til endurtekens eftirlits með sömu starfsemi annars vegar af Eftirlitsstofnuninni og hins vegar af samkeppnisyfivöldum viðkomandi EFTA-ríkja.

Fyrirtæki á EES gætu því í ákveðnum tilvikum talið það vera sér til hagsbóta ef ákveðin mál sem falla undir gildissvið EES-samkeppnislaga væru eingöngu til meðferðar hjá innlendum yfirvöldum. Til að unnt sé að nýta þetta til fulls telur Eftirlitsstofnun EFTA æskilegt að innlend yfirvöld beiti sjálf EES-rétti, eða að öðrum kosti, nái fram sambærilegum árangri með því að beita innlendum lögum og fengist hefði ef EES-rétti hefði verið beitt.

11. Auk þess að því fylgir hagræði fyrir samkeppnisyfivöld að virkja eigin krafta dregur samvinna úr þeirri hættu að ólíkar ákvarðanir séu teknar og þar með að fyrirtæki freistist til að leita til þeirrar stofnunar sem þau teldu að myndu best þjóna hagsmunum þeirra.

12. Samkeppnisyfivöld EFTA-ríkjanna búa oft yfir betri og nákvæmari vitneskju um þá markaði sem um ræðir (einkum þá sem hafa mjög sérstök innlend einkenni) og þau viðskipti sem málið snýst um. Einkum kunna þau að vera í betri aðstöðu en Eftirlitsstofnunin til að komast á snoðir um samkeppnishömlur sem ekki hefur verið tilkynnt um eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu sem hefur fyrst og fremst áhrif innan þeirra yfirráðasvæðis.

13. Í mörgum málum sem innlend yfirvöld hafa til meðferðar er gripið jafnt til raka úr landsrétti sem og samkeppnislögum EES. Til þess að einfalda málsmeðferð sem mest telur Eftirlitsstofnun EFTA það ákjósanlegra að innlend yfirvöld beiti sjálf EES-rétti millilíðalaust í stað þess að láta fyrirtæki vísa þeim þáttum málsins sem falla undir EES-rétt til Eftirlitsstofnunar EFTA.

14. Á síðastliðnum þrjátíu árum hafa sífellt fleiri mikilvæg atriði er varða samkeppnisreglur bandalagsins og EES verið skýrð með dómafurdæmum EB-dómstólsins og dómstóls Evrópubandalagsins á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólsins. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA, sem og hópundanþágureglugerðir framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í XIV. viðauka við EES-samninginn, hafa einnig skýrt ýmislegt í samkeppnisreglunum. Þetta auðveldar innlendum yfirvöldum að beita þessum lögum.

15. Eftirlitsstofnun EFTA vill hvetja samkeppnisyfirlönd í öllum EFTA-rikkjunum til að taka þátt í þessu samstarfi. Sem stendur veitir landsréttur EFTA-rikkjana samkeppnisyfirlöndum þó ekki nauðsynlegar heimildir til að beita 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins. Þar sem svo háttar geta innlend yfirlönd eingöngu beitt innlendum lögum um tiltekið brot enda þótt EES-reglur kunni að hafa verið brotnar.

Eftirlitsstofnun EFTA telur æskilegt að innlend yfirlönd beiti, ef við á, 53. og 54. gr. EES-samningsins, með hliðsjón af innlendum samkeppnisreglum, þegar þau hafa mál til meðferðar sem falla undir gildissvið þessara ákvæða.

16. Ef samkeppnisyfirlönd eiga ekki kost á þessum möguleika og geta þar af leiðandi eingöngu beitt innlendum lögum í slíkum málum, ber að tryggja að beiting þessara laga skaði ekki samræmda beitingu á reglum EES um hringamyndun og óskert áhrif þeirra ráðstafana sem gripið er til við beitingu þessara reglna<sup>(13)</sup>. Þess skal jafnan gætt að niðurstaðan í máli sem EES-rétturinn tekur einnig til sé í samræmi við þann rétt, því EES-rétturinn gerir ráð fyrir því að hann gildi framar landsrétti, í þeim tilvikum sem landsréttur og EES-réttur stangast á. Markmið þessarar meginreglu er að útiloka allar innlendar ráðstafanir sem teft gætu fullri skilvirkni EES-samningsins í tvisýnu.<sup>(14)</sup> Ennfremur leiðir það af 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól að EFTA-rikin skuli starfa saman af eindrægni og varast ráðstafanir sem teft gætu markmiðum EES-samningsins í tvisýnu.

17. Þegar innlend yfirlönd beita eigin lögum fremur en EES-lögum aukast líkur á því að ólíkar ákvarðanir séu teknar. Þegar samkeppnisyfirlönd EFTA-rikkis beita EES-lögum ber því að taka tilhlýðilegt tillit til allra fyrri ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA eða framkvæmdastjórnarinnar við sömu málsmeðferð. Þegar málið hefur eingöngu verið tekið fyrir í stöðluðu svarbréfi, gildir það samkvæmt dómafordæmi dómstóls Evrópubandalaganna og samkvæmt 6. gr. EES-samningsins, að þrátt fyrir að slík bréf bindi ekki innlenda dómstóla felist í álit Eftirlitsstofnunarinnar eða framkvæmdastjórnarinnar ákveðin staðreynd<sup>(15)</sup> sem innlendir dómstólar geta tekið mið af þegar þeir athuga hvort samningur eða athöfnin sem um ræðir samrýmist ákvæðum 53. gr.<sup>(16)</sup> Eftirlitsstofnunin telur að sama gildi um innlend yfirlönd.

18. Þegar niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA eða framkvæmdastjórnarinnar er sú að brotið hafi verið gegn 53. eða 54. gr. getur sú ákvörðun komið í veg fyrir að innlendum lagaákvæðum sé beitt sem myndu heimila það sem Eftirlitsstofnunin eða framkvæmdastjórnin hefur bannað. Bannákvæðin í 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. miða að því að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á einsleitu EES. Þeim beri að fylgja skilyrðislaust til þess að skilvirkni og samræmdri beitingu samkeppnisreglna EES sé ekki teft í tvisýnu né þeim ráðstöfunum sem eru gerðar til að framfylgja þeim<sup>(17)</sup>.

19. Lagalega séð er staðan óljósari þegar skera þarf úr um hvort innlendum yfirlöndum sé heimilt að beita strangari innlendum samkeppnislögum þegar Eftirlitsstofnunin eða framkvæmdastjórnin hefur í sambærilegum tilvikum tekið ákvörðun um að veita sérstaka undanþágu eða ef tilvikið fellur undir hópundanþágu. Í *Walt Wilhelm*-dómnum lýsti dómstóllinn því yfir að sáttmálinn „heimilaði yfirlöndum bandalagsins að gera tilteknar sértækar, en óbeinar, ráðstafanir í því skyni að stuðla að samræmdri þróun í efnahags- og atvinnustarfsemi innan bandalagsins í heild“ (5. mgr. dómsins). Í málinu *Bundeskartellamt gegn Volkswagen og VAG Leasing*<sup>(18)</sup>, taldi framkvæmdastjórnin að innlend yfirlönd gætu ekki bannað samninga sem hefðu fengið undanþágu. Í raun væri samræmdri beitingu laga bandalagsins stofnað í hættu ef undanþága samkvæmt þeim væri veitt með fyrirvara um innlendar reglur þar að lútandi. Sami samningur væri ekki aðeins meðhöndlaður á mismunandi hátt samkvæmt lögum hvers aðildarríkis, sem kæmi þannig í veg fyrir að reglum bandalagsins væri beitt á sama hátt alls staðar, heldur kæmi það einnig í veg fyrir full áhrif gerðar samkvæmt 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, en óumdeilt er að samkvæmt sáttmálanum telst undanþága samkvæmt 3. gr. 81. gr. hans vera gerð. Í greindu máli þurfti dómstóllinn þó ekki að úrskurða í málinu.

<sup>(13)</sup> Mál 14/68 *Walt Wilhelm o.fl. gegn Bundeskartellamt* [1969] dómasafn I, 4. mgr.

<sup>(14)</sup> Sjá 14. gr. tilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA um samvinnu milli innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins.

<sup>(15)</sup> Sjá 2. nmgr.

<sup>(16)</sup> Mál 99/79 *Lancôme gegn Etos* [1980] dómasafn 2511, 11. gr., sbr. tilvitnun í 18. mgr. fyrirnefndrar tilkynningar um samvinnu milli innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins.

<sup>(17)</sup> Sjá 14. nmgr.

<sup>(18)</sup> Mál C-266/93 [1995] dómasafn I-3477. Sjá einnig álit Tesaro aðalögmanns í sama máli 51. mgr.

Eins og þegar hefur komið fram hér að framan, samrýmist samhliða beiting landslaga í EFTA-rikkjunum ekki EES-rétti ef hún teflir í tvísýnu skilvirkni og samræmdri beitingu samkeppnisreglna EES og aðgerðum til að framfylgja þeim.

20. Ef samkeppnis- og ríkisaðstoðardeild Eftirlitsstofnunar EFTA sendir staðlað svarbréf þar sem hún setur fram álit þess efnis að samningur eða aðgerð samrýmist ekki 53. gr. EES-samningsins en lýsir yfir að vegna eigin forgangsroðunar muni hún ekki leggja til að Eftirlitsstofnunin taki ákvörðun þar að lútandi, í samræmi við formlega málsmeðferð, samkvæmt II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, leiðir af sjálfu sér að innlend yfirvöld geta gripið til aðgerða í tilefni af samningi eða athöfn sem hefur áhrif innan yfirráðasvæðis viðkomandi yfirvalda.

21. Þegar um er að ræða staðlað svarbréf þar sem samkeppnis- og ríkisaðstoðardeild Eftirlitsstofnunar EFTA lætur í ljós það álit að samningur hamli samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. en geti fengið undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. mun Eftirlitsstofnunin fara fram á við innlend yfirvöld að hafa samráð við sig áður en þau ákveða hvort taka beri aðra ákvörðun samkvæmt EES-rétti eða landsrétti.

22. Samkvæmt dómi dómstólsins í málinu *Procureur de la République gegn Giry and Guerlain*<sup>(19)</sup>, að því er varðar stöðluð svarbréf þar sem framkvæmdastjórnin lætur í ljós það álit að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum, sé engin þörf á að hún gripi til aðgerða samkvæmt 1. mgr. 81. gr. eða 82. gr. sáttmálans, „getur sú staðreynd ein og sér ekki orðið til að hindra að innlend yfirvöld beiti gagnvart þessum samningum“ eða aðgerðum „ákvæðum innlendra samkeppnislaga sem kunna að vera strangari en lög bandalagsins að þessu leyti. Sú staðreynd að framkvæmdastjórnin hafi talið að aðgerð falli ekki undir bannið í 1. og 2. mgr. 85. gr.“ (nú 1. og 2. mgr. 81. gr.) eða 82. gr. „en gildissvið þeirra takmarkast við samninga“ eða markaðsráðandi stöðu „sem kann að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna, kemur ekki á nokkurn hátt í veg fyrir að innlend yfirvöld skoði þá aðgerð í ljósi þeirra hamlandi áhrifa sem hún kann að hafa heima fyrir“. Eftirlitsstofnun EFTA telur að sama meginregla skuli gilda um stöðluð svarbréf með sambærilegu efni sem hún beinir til innlendra yfirvalda í EFTA-rikkjunum.

## II. LEIÐBEININGAR UM ÚTHLUTUN MÁLA

23. Samvinna milli Eftirlitsstofnunar EFTA og innlendra samkeppnisyrivalda verður að samrýmast gildandi réttarreglum. Í fyrsta lagi verður umrædd athöfn að vera líkleg til að hafa töluverð áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins eigi EES-réttur að taka til hennar en ekki eingöngu samkeppnislög heima fyrir. Í öðru lagi hefur Eftirlitsstofnunin ein heimild til að lýsa því yfir að samkvæmt 3. mgr. 53. gr. verði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ekki beitt.

24. Í reynd verður ákvörðunum innlendra yfirvalda ekki beitt á árangursríkan hátt gagnvart samkeppnishömlum nema áhrifa þeirra gæti fyrst og fremst á yfirráðasvæði þeirra. Þetta á einkum við um takmarkanirnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, þ.e. samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir sem einungis fyrirtæki frá einu aðildarríki EFTA eða aðildarríki EB eiga hlut að og sem, þó þær varði hvorki innflutning né útflutning milli aðila EES-samningsins, geta haft áhrif á viðskipti innan EES<sup>(20)</sup>. Í lagalegu tilliti er það verulegum erfileikum bundið fyrir slíkt yfirvald að rannsaka mál í öðrum löndum, svo sem þegar þörf er á vettvangsrannsókn í fyrirtæki og sama gildir þegar framfylgja þarf ákvörðunum utan landamæra þess. Þar af leiðandi verður Eftirlitsstofnun EFTA alla jafna að fara með mál sem tengjast fyrirtækjum sem hafa með höndum starfsemi sem fram fer í fleiri en einu EFTA-ríki.

25. Innlent yfirvald sem hefur yfir nægilegum mannafla og búnaði að ráða og með tilskildar heimildir, verður einnig að geta leitt til lykta mál sem falla undir EES-reglur sem það er reiðubúið að taka að sér. Hvort málsmeðferð innlends yfirvalds skilar árangri fer eftir rannsóknarheimildum þess, réttarúrreðum sem það hefur til að skera úr um mál – þar með talið umboð til að gera bráðabirgðaráðstafanir í málum sem fá flýtimeðferð – og þeim heimildum sem það hefur til að beita fyrirtæki, sem eru fundin sek um að brjóta samkeppnisreglur, viðurlögum. Samkvæmt Eftirlitsstofnun EFTA ættu mismunandi málsmeðferðarreglur í EFTA-rikkjunum ekki að leiða til niðurstaðna sem skila mismunandi árangri þegar fjallað er um sambærileg mál.

<sup>(19)</sup> Sameinuð mál 253/78 og 1 til 3/79 *Procureur de la République gegn Giry og Guerlain* [198C] dómasafn 2327, 18. mgr.

<sup>(20)</sup> Dómstóll Evrópubandalaganna hefur úrskurðað að hugsanlegt sé að „samningur, þrátt fyrir að hann lúti hvorki að innflutningi né útflutningi milli aðila að samningnum“ í skilningi 4. gr. reglugerðar nr. 17. „geti haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja“ í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans (dómur dómstólsins í máli 43/69 *Bilger gegn Jehle* [1970] dómasafn 127, 5. mgr.).

26. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA ákveður hvaða mál hún tekur sjálf til meðferðar mun hún taka mið af áhrifum samkeppnishamla eða misnotkunar markaðsyfirráða og eðli brotsins.

Að meginreglu til munu innlend yfirvöld taka þau mál til meðferðar sem hafa einkum áhrif innan yfirráðasvæðis þeirra og sem við fyrstu athugun virðast ekki geta átt rétt á undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Þó áskilur Eftirlitsstofnunin sér rétt til að taka að sér tiltekin mál sem hafa sérstaka þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins.

#### *Einkum áhrif innanlands*

27. Í fyrsta lagi er rétt að benda á að einu málin sem hér um ræðir eru þau sem falla undir gildissvið 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Þar sem svo er má gera ráð fyrir að fyrirsjáanleg eða þegar fram komin áhrif samkeppnishamlandi aðgerða eða misnotkunar markaðsyfirráða tengist náið því svæði þar sem samningnum eða aðgerðinni er beitt og jafnframt þeim landfræðilega vöru- eða þjónustumarkaði sem um ræðir.

28. Ef landfræðilegi markaðurinn sem um ræðir takmarkast við eitt EFTA-ríki og samningnum eða aðgerðinni er eingöngu beitt í því ríki verður að líta svo á að samningurinn eða aðgerðin hafi einkum áhrif í því ríki jafnvel þótt samningurinn eða aðgerðin geti fræðilega séð haft áhrif á viðskipti milli ríkjanna á því svæði sem EES-samningurinn tekur til.

#### *Eðli brotsins: mál sem geta ekki fengið undanþágu*

29. Eftirfarandi gildir um mál sem lögð eru fyrir Eftirlitsstofnun EFTA eða innlent samkeppnisyfirvald, sem og mál sem bæði kunna að taka til meðferðar.

Gera ber greinarmun á brotum á 53. gr. EES-samningsins og brotum á 54. gr. hans.

30. Eftirlitsstofnun EFTA hefur óskorað vald samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins til að lýsa því yfir að ákvæði 1. mgr. 53. gr. eigi ekki við. Eftirlitsstofnunin verður því að skoða sérhvern tilkynntan samning sem við fyrstu sýn virðist geta átt rétt á undanþágu og mun hún taka mið af þeim viðmiðunum sem EB-dómstóllinn, dómstóll Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstóllinn hafa þróað á þessu sviði og einnig viðeigandi EES-reglum og fyrri ákvörðunum sínum.

31. Ennfremur getur aðeins Eftirlitsstofnun EFTA rannsakað kvartanir vegna ákvarðana sem hún hefur tekið og sem hún hefur ein vald til að taka, t.d. vegna ákvörðunar um að afturkalla undanþágu sem hún hefur áður veitt samkvæmt 3. mgr. 53. gr.<sup>(21)</sup>.

32. Ekki er um að ræða neina slíka takmörkun að því er varðar framkvæmd 54. gr. EES-samningsins. Bæði Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-rikin hafa vald til þess að rannsaka umkvartanir og banna misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

#### *Mál sem hafa sérstaka þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins*

33. Ákveðin mál sem Eftirlitsstofnun EFTA telur hafa sérstaka þýðingu með hliðsjón af EES-samningnum munu oftast en ekki vera tekin til meðferðar af stofnuninni, jafnvel þótt þau uppfylli skilyrðin sem um getur hér að framan (27. – 28. liður) sem þýðir að innlent yfirvald getur tekið þau til meðferðar.

34. Þetta tekur til mála þar sem reynir á ný lögfræðileg atriði, þ.e.a.s. mála sem hafa ekki enn verið tekið fyrir í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA eða framkvæmdastjórnarinnar eða dómi EB-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi eða EFTA-dómstólsins.

<sup>(21)</sup> *Automec II*, sjá nmgr. 3, 75. mgr.

35. Það að mál sé efnahagslega mikilvægt er í sjálfu sér ekki nægileg ástæða til þess að Eftirlitsstofnun EFTA taki það til meðferðar. Staðan kann að vera önnur ef aðgangur fyrirtækja frá öðrum ríkjum á EES-svæðum að þeim markaði sem um er að ræða er verulega skertur.

36. Mál sem fela í sér meinta samkeppnisheftandi athöfn opinbers fyrirtækis, fyrirtækis sem EFTA-ríki hefur veitt sérstök réttindi eða einkarétt, í skilningi 1. mgr. 59. gr. EES-samningsins, eða fyrirtækis sem hefur verið falið að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu eða er í eðli sínu fjáröflunareinkasala í skilningi 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins kunna einnig að hafa sérstaka þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins.

### III. SAMVINNA Í MÁLUM SEM UPPHAFLEGA ERU TEKIN TIL MEÐFERÐARAF EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

37. Mál sem Eftirlitsstofnun EFTA tekur til meðferðar geta verið af þrennum toga: mál sem hún hefur að eigin frumkvæði, tilkynningar og kvartanir. Það liggur í hlutarins eðli að mál sem stofnunin opnar að eigin frumkvæði eru ekki þannig vaxin að innlendum samkeppnisyrirvöldum verði falin meðferð þeirra.

38. Einkaréttur Eftirlitsstofnunar EFTA til að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins í einstaka málum þýðir að Eftirlitsstofnunin getur ekki falið innlendu samkeppnisyrivaldi að taka mál til meðferðar sem henni er tilkynnt um samkvæmt 1. mgr. 4. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstóls af aðilum sem vilja fá undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. Samkvæmt dómafordæmi dómstólsins á fyrsta dómstigi og samkvæmt 6. gr. EES-samningsins, veitir þetta óskoraða vald fyrirtækjum sem sækja um undanþágu rétt til þess að krefjast þess að Eftirlitsstofnunin taki ákvörðun um efnislega þætti undanþágubeiðinnar<sup>(22)</sup>.

39. Innlendum samkeppnisyrirvöldum er heimilt, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, að fara með kvartanir sem ekki kalla á beitingu 3. mgr. 53. gr., þ.e. þær sem varða samkeppnishömlur sem ber að tilkynna samkvæmt 1. mgr. 4. gr. II. kafla og 1. mgr. 1. gr. í XIV. viðauka í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, en hafa ekki verið tilkynntar Eftirlitsstofnuninni sem og kvartanir sem grundvallast á meintu broti á 54. gr. EES-samningsins. Innlent samkeppnisyrivald getur hins vegar ekki meðhöndlað svo gagn sé að kvörtun vegna máls sem eingöngu heyrir undir Eftirlitsstofnunina, svo sem afturköllun á undanþágu<sup>(23)</sup>.

40. Taka ber mið af skilyrðunum sem kveðið er á um í 23. til 36. lið hér að framan um meðhöndlun Eftirlitsstofnunar EFTA eða innlands samkeppnisyrivalds á máli, einkum stærð landsvæðisins þar sem áhrifa af samkeppnishömlum eða yfirburðarstöðu (27. – 28. liður) gætir.

#### *Réttur Eftirlitsstofnunar EFTA til að vísa frá kvörtun*

41. Samkvæmt dómafordæmi dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi hefur framkvæmdastjórnin í ákveðnum tilvikum rétt til að vísa frá kvörtun sem hefur ekki það mikla þýðingu fyrir bandalagið að þörf sé á frekari rannsókn<sup>(24)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA telur að sambærilegri meginreglu, sem miðaðist við nægilega mikla hagsmuni fyrir framkvæmd EES-samningsins, geti stofnunin beitt með tilliti til EES-samningsins.

42. Sá réttur sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þannig til að vísa frá kvörtun leiðir af samverkandi valdsviði stofnunarinnar, innlendra dómstóla og innlendra samkeppnisyrivalda, ef þeir hafa tilskilda heimild, til að beita 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins og þeirri vernd sem umkvörtunaraðilar þar með njóta fyrir dómstólum og stjórnáslustofnunum. Að því er þetta samverkandi valdsvið varðar, hefur EB-dómstóllinn og dómstóll Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi jafnan haldið því fram að 3. gr. reglugerðar nr. 17 (sem veitir heimild til að senda framkvæmdastjórninni kvörtun vegna meints brots á 81. eða 82. gr. EB-sáttmálans), sem samsvarar 3. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, veiti umsækjanda ekki rétt samkvæmt þeirri grein til þess að fá úrskurð framkvæmdastjórnarinnar,

<sup>(22)</sup> Mál T-23/90 *Peugeot gegn framkvæmdastjórn* [1991] dómásafn II-653, 47. mgr.

<sup>(23)</sup> *Automec II*, sjá 3. nmgr., 75. mgr.

<sup>(24)</sup> *Automec II*, sjá nmgr. 3; 85. mgr., sem vísað er til í máli T-114/92 *BEMIM gegn framkvæmdastjórn* [1995] dómásafn II-147, 80. mgr., og í máli T-77/95 *SFEI o.f. gegn framkvæmdastjórn* [1997] dómásafn II-1, 29. og 55. mgr.

í skilningi 249. gr. EB-sáttmálans, um hvort meint brot hafi átt sér stað eða ekki<sup>(25)</sup>. Samkvæmt 3. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól telur Eftirlitsstofnunin að sama gildi um sig.

#### *Skilyrði fyrir frávisun kröfu*

43. Til þess að innlent yfirvald geti tekið kvörtun til meðferðar verður eftirfarandi sérstökum skilyrðum, sem leidd eru af dómafordæmi dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi, að vera fullnægt.

44. Fyrst þessara skilyrða er, að til þess að meta hvort um sé að ræða nægilega mikla hagsmuni fyrir framkvæmd EES-samningsins til að þess að rannsaka málið frekar, verður Eftirlitsstofnun EFTA fyrst að athuga vandlega þau málsatvik og lög sem fram koma í kvörtuninni<sup>(26)</sup>. Samkvæmt ákvæðum 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól um að Eftirlitsstofnuninni beri að rökstyðja ákvarðanir sínar verður stofnunin að skýra umkvörtunaraðila frá lagalegum atriðum og staðreyndum sem leiddu til þeirrar niðurstöðu hennar að kvörtunin hefði ekki nógu mikla þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins til að það réttlætti frekari rannsókn. Því getur Eftirlitsstofnunin ekki takmarkað sig við að skyrskota á almennan hátt til hagsmuna samkvæmt EES-samningnum<sup>(27)</sup>.

45. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA metur hvort hún hafi rétt til að vísað kvörtun frá vegna þess að ekki sé um nægilega mikla hagsmuni að ræða fyrir framkvæmd EES-samningsins verður hún að veita og meta þýðingu hins meinta brots með tilliti til framkvæmdar EES-samningsins, hvort hún geti sannað að brot hafi verið framið og umfang nauðsynlegra rannsóknaðgerða sem gera henni kleift að sinna á sem bestan hátt því hlutverki sínu að tryggja að 53. og 54. gr. EES-samningsins<sup>(28)</sup> séu virtar. Einkum og sér í lagi, eins og dómstóllinn á fyrsta dómstigi dæmdi í *BEMIM*-málinu<sup>(29)</sup>, þar sem áhrif meintra brota samkvæmt kvörtun takmarkast fyrst og fremst við landssvæði eins aðildarríkis EB og þegar umkvörtunaraðili hefur byrjað mál fyrir dómstólum og þar til bærum stjórnisýslustofnunum í því landi gegn þeim aðila sem kvörtunin beindist gegn, getur framkvæmdastjórnin vísað kvörtun frá á þeirri forsendu að hún sé ekki nægilega mikilvæg fyrir bandalagið til þess að vera tekin til nánari rannsóknar, þó að því tilskildu að hægt sé að vernda réttindi umkvörtunaraðila á viðunandi hátt. Að því er varðar EFTA-ríki er stofnuninni heimilt við sambærilegar aðstæður að vísa kvörtun frá á þeirri forsendu að hún sé ekki nógu þýðingarmikil fyrir framkvæmd EES-samningsins til þess að vera rannsökuð frekar, að því tilskildu að hægt sé að vernda réttindi umkvörtunaraðila á viðunandi hátt. Sérstaklega er mikilvægt að greina svæðið þar sem samkeppnishamla gætir vegna aðgerða þar sem eingöngu fyrirtæki frá einu aðildarríki EB eða EFTA-ríki eiga hlut að máli og sem þrátt fyrir að þær varði hvorki innflutning né útflutning milli ríkjanna sem aðild eiga að EES-samningnum, í skilning a-liðar 2. mgr. 4. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(30)</sup>, geta haft áhrif á viðskipti á EES. Að því er varðar verndun réttinda umkvörtunaraðila telur Eftirlitsstofnunin að vísan málsins til viðkomandi innlands yfirvalds verði að vernda þá á fullnægjandi hátt. Hvað þetta síðara atriði varðar telur Eftirlitsstofnunin að árangur íhlutunar innlands yfirvalds fari einkum eftir því hvort það yfirvald geti gripið til bráðabirgðaráðstafana ef það telur það nauðsynlegt, þó með það í huga að í löggjöf ákvæðinna EFTA-ríkja eru ákvæði um að dómstólar geti gripið til slíkra aðgerða með nægilegri skilvirkni.

#### *Málsmeðferð*

46. Telji Eftirlitsstofnun EFTA að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt mun hún fara fram á við samkeppnisyfirvald í EFTA-ríki, þar sem áhrifa véfengds samnings eða aðgerðar gætir mest, að taka að sér að rannsaka kvörtunina og úrskurða um hana. Ef samkeppnisyfirvaldið fellst á það mun Eftirlitsstofnunin vísa kvörtuninni sem hún hefur til meðferðar frá á þeirri forsendu að hún hafi ekki nógu og mikla þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins og vísa málinu til innlenda samkeppnisyfirvaldsins, annaðhvort sjálfkrafa eða að beiðni umkvörtunaraðila. Stofnunin mun senda viðeigandi skjöl sem hún hefur undir höndum til innlenda yfirvaldsins<sup>(31)</sup>.

<sup>(25)</sup> Sjá einkum mál 125/78, *GEMA gegn framkvæmdastjórn* [1979] dómásafn 3173, 17. mgr. og mál T-16/91, *Rendo o.fl. gegn framkvæmdastjórn* [1992] dómásafn II-2417, 98. mgr.

<sup>(26)</sup> *Automec II*, sjá 3. nmgr., 82. mgr.

<sup>(27)</sup> *Automec II*, sjá 3. nmgr., 85. mgr.

<sup>(28)</sup> *Automec II*, sjá 3. nmgr., 86. mgr. sem vísað er til í *BEMIM*, 80. mgr.

<sup>(29)</sup> Sjá 24. nmgr., 86. mgr.

<sup>(30)</sup> Sjá 20. nmgr.

<sup>(31)</sup> Þegar um er að ræða upplýsingar sem beiðni er um að farið sé með sem trúnaðarmál í því skyni að vernda nafnleynd heimildarmanns, þá er stofnun sem samþykkir slíkar upplýsingar hins vegar skuldbundin, samkvæmt 122. gr. EES-samningsins að hlíta því skilyrði (Mál 145/83 *Adams gegn framkvæmdastjórn* [1985] dómásafn 3539). Eftirlitsstofnun EFTA mun því ekki láta innlendum yfiröldum í té nafn heimildarmanns sem óskar nafnleynar nema viðkomandi aðili dragi til baka, að beiðni stofnunarinnar, beiðni sína um nafnleynd gagnvart innlenda yfirvaldinu sem kann að hafa kvörtun hans til meðferðar.

47. Að því er varðar rannsókn á kvörtun ber að leggja áherslu á að samkvæmt úrskurði dómstólsins í máli C-67/91<sup>(32)</sup> (spænska bankamálið), hafa innlend samkeppnisyfirvöld, hvort sem um er að ræða við beitingu innlendra reglna eða samkeppnisreglna EES, ekki heimild til að nota sem sönnunargögn óbirtar upplýsingar sem er að finna í svörum við beiðnum um upplýsingar sem eru sendar fyrirtækjum samkvæmt 11. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um Eftirlitsstofnun og dómstól eða upplýsingar sem fást í kjölfar rannsókna sem framkvæmdar eru samkvæmt 14. gr. þess kafla. Þessar upplýsingar má þó taka til greina, ef við á, til að réttlæta að innlend málsmeðferð sé hafin<sup>(33)</sup>.

#### IV. SAMVINNA Í MÁLUM SEM UPPHAFLEGA ERU TEKIN TIL MEÐFERÐARAFINNLENDU YFIRVALDI

##### Inngangur

48. Hér er um að ræða mál sem falla undir gildissvið samkeppnislaga EES og innlent samkeppnisyfirvald tekur til meðferðar að eigin frumkvæði, samkvæmt 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins einvörðungu eða með hliðsjón af innlendum samkeppnisreglum, eða, hugsanlega eingöngu samkvæmt innlendum samkeppnisreglum. Þetta tekur til allra mála á þessu sviði sem innlent yfirvald rannsakar áður en Eftirlitsstofnun EFTA tekur þau hugsanlega fyrir, óháð því hvernig málið byrjaði (málsmeðferð að eigin frumkvæði, tilkynning, kvörtun, o.s.frv.). Hér er því um að ræða mál sem uppfylla skilyrðin sem kveðið er á um í II. hluta (Leiðbeiningar um úthlutun mála) í þessari tilkynningu.

49. Að því er varðar mál sem innlend yfirvöld taka til meðferðar samkvæmt EES-rétti er æskilegt að þau tilkynni Eftirlitsstofnun EFTA reglulega um sérhverja málsmeðferð sem þau hefja að eigin frumkvæði. Eftirlitsstofnunin mun koma þessum upplýsingum á framfæri við yfirvöld í öðrum EFTA-rikkjum.

50. Einkum er nauðsynlegt að eiga slíka samvinnu um mál sem hafa sérstaka þýðingu fyrir EES í skilningi 33. – 36. liðar. Um er að ræða a) öll mál sem hafa í för með sér ný lögfræðileg álitamál, þannig að forðast er að taka ákvarðanir samkvæmt innlendum rétti eða EES-rétti, sem ekki samrýmist þeim siðarnefnda; b) meðal mála sem hafa mikla þýðingu í efnahagslegu tilliti eru eingöngu þau þar sem aðgangur fyrirtækja frá öðrum aðildarríkjum EB eða EFTA-rikkjum að markaði sem skiptir máli er að töluverðu leyti takmarkaður. Og að lokum c) er um að ræða tiltekin mál þar sem opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem telst sambærilegt opinberu fyrirtæki (í skilningi 1. og 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins) er grunað um athöfn sem takmarkar samkeppni. Sérhvert innlent yfirvald verður að skera úr um, að höfðu samráði við Eftirlitsstofnun EFTA, ef nauðsyn krefur, hvort tiltekið mál tilheyrir einum þessara undirflokka.

51. Innlend samkeppnisyfirvöld munu rannsaka slík mál í samræmi við málsmeðferðarreglur landsréttar þeirra, hvort sem um það er að ræða að beita samkeppnisreglum EES- eða innlendum samkeppnisreglum<sup>(34)</sup>.

52. Eftirlitsstofnun EFTA er einnig þeirrar skoðunar að innlendum samkeppnisyfirvöldum, á sama hátt og dómstólum sem fara með samkeppnismál sem tengjast 53. eða 54. gr. EES-samningsins sé alltaf frjálst, innan marka innlendra málsmeðferðarreglna og með fyrirvara um 122. gr. EES-samningsins, að biðja Eftirlitsstofnunina um upplýsingar um stöðu mála sem hún kann að hafa byrjað og um möguleikann á því að hún kveði upp opinberan úrskurð, samkvæmt II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, um mál sem þau taka til rannsókna að eigin frumkvæði. Við sömu aðstæður er innlendum samkeppnisyfirvöldum heimilt að hafa samband við Eftirlitsstofnunina ef hlutlæg beiting 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. er sérstökum vandkvæðum háð, til þess að fá efnahagslegar eða lagalegar upplýsingar sem hún getur veitt þeim<sup>(35)</sup>.

<sup>(32)</sup> Mál C-67/91 *Dirección General de Defensa de la Competencia gegen Asociación Española de Banca Privada (AEB) o.fl.* [1992] dómásafn I-4785, niðurstaða.

<sup>(33)</sup> Sjá 32. nmgr., 39. og 43. mgr.

<sup>(34)</sup> Sjá 32. nmgr., 32. mgr.

<sup>(35)</sup> Mál C-234/89 *Delimitis gegen Henninger Bräu* [1991] dómásafn I-935, 53. mgr.

53. Eftirlitsstofnun EFTA er þess fullviss að nán samvinna við innlend yfirvöld komi í veg fyrir að ósamhljóða ákvarðanir séu teknar. En ef í ljós kemur við innlenda málsmeðferð að Eftirlitsstofnunin muni hugsanlega binda enda á málsmeðferð sem er í gangi vegna sama samnings með ákvörðun sem kann að stríða gegn áhrifum ákvörðunar innlendu yfirvaldanna, er það í verkahring hinna síðarnefndu að gera viðeigandi ráðstafanir (*Walt Wilhelm*) til að tryggja óhefta beitingu samkeppnisreglna EES. Eftirlitsstofnunin telur að þessar aðgerðir ættu alla jafna að felast í því að innlend yfirvöld frestuðu sinni málsmeðferð þar til niðurstaða liggur fyrir í málsmeðferð stofnunarinnar. Þegar innlent yfirvald beitir landslögum ætti slíkur frestur á málsmeðferð að grundvallast á meginreglum um að samtíma beiting innlendra samkeppnislaga eða EES-reglna stefni ekki í tvískygu skilvirkni og samræmdri beitingu samkeppnisreglna EES og ráðstöfunum sem gerðar eru til að hrinda þeim í framkvæmd<sup>(36)</sup> og meginreglunni um réttaröryggi; og þegar það beitir EES-rétti á meginreglunni um réttaröryggi eingöngu. Eftirlitsstofnunin mun fyrir sína hönd leggja allt kapp á að láta mál í innlendri málsmeðferð sem þannig er frestað fá forgang. Annar möguleiki kann þó að vera hugsanlegur þar sem haft er samráð við stofnunina áður en innlend ákvörðun er tekin. Slíkt samráð, að tilhlýðilegu tilliti teknu til dómsins í spænska bankamálinu, myndi fela í sér skipti á undirbúningsgögnum fyrir fyrirhugaðar ákvarðanir þannig að yfirvöld EFTA-rikkanna geti tekið mið af afstöðu Eftirlitsstofnunarinnar við eigin ákvörðun í stað þess að biða þar til Eftirlitsstofnunin hefur tekið ákvörðun.

### Málsmeðferð

#### *Kvartanir*

54. Þar sem umkvörtunaraðilar eiga ekki kröfu á því að Eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun um hvort meint brot hafi í raun verið framið, og þar sem stofnunin hefur rétt til að vísa frá kvörtun sem hefur ekki nægilega mikla þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins, ætti það ekki að vera neinum sérstökum erfiðleikum bundið fyrir innlend samkeppnisvirkni að taka til meðferðar kvartanir sem fyrst eru sendar þeim og heyra undir gildissvið samkeppnisreglna EES.

#### *Tilkynningar*

55. Þrátt fyrir að tilkynningar, sem berast Eftirlitsstofnun EFTA um samkeppnishömlur sem eru til rannsóknar hjá innlendum yfirvöldum til að tefja málsmeðferð, sé lítill hluti af öllum þeim tilkynningum hún fær verður að fjalla um þær sérstaklega. Um er að ræða tilvik þar sem fyrirtæki, sem á yfir höfði sér ákvörðun innlends samkeppnisvirkni um bann við samkeppnishömlum í kjölfar rannsóknar samkvæmt 1. mgr. 53. gr., eða samkvæmt landslögum, tilkynnir umdeildan samning til stofnunarinnar og fer fram á undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Slík tilkynning er gerð til að fá Eftirlitsstofnunina til að byrja málsmeðferð samkvæmt 2., 3. eða 6. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í þeim tilgangi að svipta yfirvöld EFTA-rikkanna heimild til að beita ákvæðum 1. mgr. 53. gr. með því að skírskota til 3. mgr. 9. gr. í þeim kafla. Stofnunin mun ekki telja að móttekin tilkynning sé send í því skyni að tefja málsmeðferð fyrir en hún hefur haft samband við viðkomandi innlent yfirvald og athugað hvort það sé henni sammála. Ennfremur hvetur Eftirlitsstofnun EFTA innlend yfirvöld til að láta sig vita tafarlaust um tilkynningar sem þeim berast og þau telja að hafi þann tilgang að tefja málsmeðferð.

56. Sama gildir þegar samningur er tilkynntur til Eftirlitsstofnunar EFTA í því augnamiði að koma í veg fyrir innlenda málsmeðferð sem er í þann veginn að hefjast og kann að leiða til þess að samningurinn verði bannaður<sup>(37)</sup>.

57. Eftirlitsstofnun EFTA gerir sér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að biðji fyrirtæki um undanþágu á það heimingu á að hún úrskurði um efni beiðninnar (sjá 38. lið). Telji stofnunin hins vegar að slík tilkynning miði einkum að því að fresta innlendri málsmeðferð, að teknu tilliti til óskoraðra heimilda hennar til að veita undanþágur, álitur hún að henni sé stætt á að láta hana ekki hafa forgang.

<sup>(36)</sup> Sjá 14. n. mgr. og 16. gr. þessarar tilkynningar.

<sup>(37)</sup> Hvað varðar samninga sem ekki þarf að tilkynna samkvæmt 1. lið 2. mgr. 4. gr. í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, gilda einnig 56. og 57. liður þessarar tilkynningar að breyttu breytanda um sérstakar beiðnir um undanþágu.

58. Innlenda yfirvaldið sem rannsakar málið, og sem hefur því byrjað málsmeðferð, ætti alla jafna að fara fram á bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA um hvort líkur séu á að hún undanþiggi tilkynntan samning. Að því er varðar innlenda dómstóla þá hefur Eftirlitsstofnunin tekið fram í tilkynningu um samvinnu við innlenda dómstóla að slík beiðni væri óþörf þegar innlendi dómstóllinn hefur „í ljósi viðeigandi viðmiðana sem hafa verið þróuð á grundvelli dómafordæma EFTA-dómstólsins, EB-dómstólsins og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi, með fyrri ákvörðunum Eftirlitsstofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar, með gerðum sem samsvara reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar um hópundanþágur sem kveðið er á um í XIV. viðauka við EES-samninginn“ „gengið úr skugga um að samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin sem um ræðir geti ekki fengið sérstaka undanþágu“<sup>(38)</sup>. Sama gildir um innlend yfirvöld.

59. Eftir að hafa skoðað málsatvik og viðeigandi ákvæði mun Eftirlitsstofnun EFTA, jafnskjótt og auðið er, eftir að fullgerð tilkynning berst, gefa álit til bráðabirgða um líkurnar á undanþágu. Ef athugun á tilkynningunni leiðir í ljós að umræddur samningur sé ekki líklegur til að geta fengið undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins og að áhrifa hans gæti fyrst og fremst í einu EFTA-riki, mun stofnunin skýra frá því í álitinu að hún muni ekki láta málið fá forgang.

60. Eftirlitsstofnun EFTA mun senda innlenda yfirvaldinu sem rannsakar málið og þeim sem stóðu að tilkynningunni þetta álit skriflega. Í bréfi sínu mun hún greina frá því að mjög litlar líkur séu á að hún úrskurði í málinu fyrir en innlenda yfirvaldið sem fékk það til meðferðar hafi tekið endanlega ákvörðun og að þeir sem að tilkynningunni stóðu séu undanþegnir sektum sem stofnunin kunni að leggja á þá.

61. Í svari sínu ætti innlenda yfirvaldið, eftir að hafa kynnt sér álit Eftirlitsstofnunar EFTA, að hafa tafarlaust samband við hana ef rannsóknin leiðir til annarrar niðurstöðu en er að finna í álitinu. Þetta á við ef innlenda yfirvaldið kemst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa rannsakað málið að ekki ætti að banna umræddan samning samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða, ef ekki er hægt að beita því ákvæði, samkvæmt viðeigandi innlendum lögum. Innlenda yfirvaldinu ber enn fremur að senda Eftirlitsstofnuninni eintak af endanlegri niðurstöðu sinni í málinu. Afrit af bréfunum verða send samkeppnisstofnunum í öðrum EFTA-ríkjum í upplýsingaskyni.

62. Eftirlitsstofnun EFTA mun sjálf ekki byrja málsmeðferð í sama máli fyrir en málsmeðferð sem er í gangi fyrir innlendu yfirvaldi hefur verið til lykta leidd. Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. í II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól jafngilti slík aðgerð því að taka málið úr höndum innlenda yfirvaldsins. Stofnunin mun eingöngu gera slíkt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar innlenda yfirvaldið kann, andstætt því sem búist var við, að komast að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn 53. eð 54. gr. EES-samningsins eða innlendum samkeppnislögum, eða ef innlend málsmeðferð dregst óeðlilega á langinn.

63. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA byrjar málsmeðferð mun hún hafa samráð við innlenda yfirvaldið til að fá upplýsingar um málsatvik og lagalegar forsendur fyrir fyrirhugaðri jákvæðri ákvörðun eða ástæðum fyrir töf á málsmeðferð.

## V. LOKANÍÐURSTÖÐUR

64. Þessi tilkynning er með fyrirvara um túlkanir EB-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi, og EFTA-dómstólsins.

65. Í þágu árangursríkrar og samræmdrar beitingar á EES-rétti alls staðar á EES og til að tryggja skýr lög og réttaröryggi fyrirtækjum til hagsbóta hvetur Eftirlitsstofnun EFTA EFTA-rikin sem hafa enn ekki gert það að taka upp löggjöf sem gerir samkeppnisyfirvöldum þeirra kleift að beita 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins á árangursríkan hátt

<sup>(38)</sup> 27. og 28. liður tilkynningarinnar um samvinnu milli innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA.

66. Við beitingu þessarar tilkynningar munu Eftirlitsstofnun EFTA og lögbær yfirvöld í EFTA-rikinum, embættismenn þeirra og annað starfsfólk virða meginregluna um þagnarskyldu í samræmi við 20. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
67. Þessi tilkynning gildir ekki um samkeppnisreglur á sviði flutninga, þar sem sérstökum reglum er beitt við meðferð mála á því sviði<sup>(39)</sup>.
68. Tilkynning þessi eins og henni verður beitt, einkum er varðar ráðstafanir sem taldar eru æskilegar til að auðvelda framkvæmd hennar, verður endurskoðuð árlega af yfirvöldum EFTA-rikjanna og Eftirlitsstofnun EFTA sameiginlega.
69. Tilkynning þessi verður endurskoðuð eigi síðar en í lok fjórða ársins frá því hún var samþykkt.

<sup>(39)</sup> Sjá viðeigandi ákvæði um beitingu samkeppnisreglna EES á sviði flutninga í 3. gr. í bókun 21 við EES-samninginn og viðeigandi kafla í bókun 4. við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

**RÍKISAÐSTOÐ  
(00-002 Ísland)****2000/EES/61/05**

Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól til annarra EFTA-riksa, aðildarríkja Evrópusambandsins og hagsmunaaðila um ríkisaðstoð í formi byggðastyrkja á Íslandi (kort yfir styrkt svæði) (Aðstoð nr. 00-002).

Með ákvörðun 135/00/COL frá 12. júlí, en meginefni hennar er rakið hér á eftir, hóf Eftirlitsstofnun EFTA málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Íslenskum stjórnvöldum hefur verið tilkynnt um málið með eintaki af ákvörðuninni.

\*\*\*\*\*

**I. MÁLSATVIK**

Eftirlitsstofnun EFTA (hér á eftir nefnd „Eftirlitsstofnunin“) samþykkti með ákvörðun nýjar leiðbeiningar um innlenda byggðastyrki þann 4. nóvember 1998<sup>(1)</sup>. Eftirlitsstofnunin lagði til í þeirri ákvörðun, sem viðeigandi ráðstöfun samkvæmt 1. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að EFTA-rikin takmörkuðu gildistíma allra lista yfir styrkt svæði, sem Eftirlitsstofnunin hafði samþykkt, án lokadagsetningar eða með lokadagsetningu eftir 31. desember 1999, við 31. desember 1999. Eftirlitsstofnunin lagði einnig til sem viðeigandi ráðstöfun samkvæmt 1. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að aðildarríki EFTA breyttu öllum áætlunum um byggðastyrki sem væru við lýði og sem ættu að gilda eftir 31. desember 1999, þannig að þær samrýmdust leiðbeiningunum sem giltu frá 1. janúar 2000.

Með bréfi frá 4. nóvember 1998<sup>(2)</sup>, var íslenskum stjórnvöldum tilkynnt um að Eftirlitsstofnunin hefði samþykkt þessar nýju leiðbeiningar um innlenda byggðastyrki. Eintak af ákvörðun hennar, ásamt nýjum köflum og viðaukum við leiðbeiningar um ríkisaðstoð, fylgdi með. Íslensk stjórnvöld fengu tveggja mánaða frest til að gera athugasemdir við viðeigandi tillagðar ráðstafanir sem miðaðist við 4. janúar 1999. Að auki voru íslensk stjórnvöld beðin um að tilkynna Eftirlitsstofnuninni innan sex mánaða frá dagsetningu bréfsins, þ.e. fyrir 4. maí 1999 um fyrirhugaðar breytingar til þess að áætlanir um byggðastyrki við lýði samrýmdust leiðbeiningunum frá 1. janúar 2000.

Í bréfinu frá 4. nóvember 1998 gerði Eftirlitsstofnuninni íslenskum stjórnvöldum ljóst að ef þau hefðu ekki sent athugasemdir sínar innan tveggja mánaða og tilkynnt umræddar breytingar innan 6 mánaða, eða ef þau gætu ekki fallist á viðkomandi ráðstafanir (eða ákveðna þætti þeirra), yrði hún að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól vegna umræddra aðstoðaráætlana.

Í bréfi frá 26. janúar 1999<sup>(3)</sup>, minnti Eftirlitsstofnunin íslensk stjórnvöld á bréfið frá 4. nóvember 1998 og báðu þau um að senda athugasemdir sínar um fyrirhugaðar ráðstafanir eins fljótt og auðið væri og eigi síðar en 12. febrúar 1999.

Í bréfi frá 11. maí 1999<sup>(4)</sup> voru íslensk stjórnvöld aftur minnt á að Eftirlitsstofnuninni hefði ekkert svar borist. Íslensk stjórnvöld voru beðin um að bregðast við eins fljótt og hægt væri og eigi síðar en 28. maí 1999.

Í bréfi frá 23. júní 1999<sup>(5)</sup> tilkynnti Eftirlitsstofnunin íslenskum stjórnvöldum að þeim hefði ekkert svar borist. Eftirlitsstofnunin bað íslensk stjórnvöld að láta í ljós samþykki sitt fyrir ákvörðun Eftirlitsstofnunarinnar frá 4. nóvember 1998 eða að öðrum kosti athugasemdir sínar innan 15 virkra daga.

<sup>(1)</sup> Ákvörðun nr. 316/98/COL.

<sup>(2)</sup> Sjá skjal nr. 98-7502 D.

<sup>(3)</sup> Sjá skjal nr. 99-688 D.

<sup>(4)</sup> Sjá skjal nr. 99-3472 D.

<sup>(5)</sup> Sjá skjal nr. 99-4657 D.

Ennfremur voru íslensk stjórnvöld beðin um að tilkynna fyrir 1. september 1999 breytingar á öllum áætlunum um byggðaaðstoð sem voru í gildi eftir 31. desember 1999. Eftirlitsstofnunin gerði ljóst að hefði ekkert svar borist fyrir fyrrnefnda fresti yrði hún að hefja málmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól vegna umræddra aðstoðaráætlana.

Í bréfi frá 7. júlí 1999 frá sendiráði Íslands hjá Evrópusambandinu, sem barst og var skráð 7. júlí 1999<sup>(6)</sup>, samþykktu íslensk stjórnvöld nýju leiðbeiningarnar um byggðastyrki og viðeigandi ráðstafanir.

Í bréfi dagsettu 4. október 1999 frá sendiráði Íslands hjá Evrópusambandinu sem barst og var skráð 4. október 1999<sup>(7)</sup> upplýstu íslensk stjórnvöld Eftirlitsstofnunina um að ekki væri hægt að gera „*nýjar lagalegar ráðstafanir varðandi styrki að svo stöddu*“, vegna endurskipulagningar.

Í bréfi dagsettu 6. október 1999<sup>(8)</sup> minnti Eftirlitsstofnunin íslensk stjórnvöld á bréfin frá 4. nóvember 1998 og 23. júní 1999, þar sem gert hafði verið ljóst að ef íslensk stjórnvöld tilkynntu ekki um umræddar breytingar innan áðurnefnds frests væri Eftirlitsstofnuninni skylt að hefja málsmeðferð, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Eftirlitsstofnunin gerði grein fyrir því að gildistími allra lista yfir styrkt svæði á Íslandi og aðstoðaráætlana við lýði rynni út 31. desember 1999. Ennfremur minnti Eftirlitsstofnunin íslensk stjórnvöld á að þau hefðu samþykkt nýju leiðbeiningarnar og viðeigandi ráðstafanir í bréfinu frá 7. júlí 1999 og að þetta gildi hvort sem verið væri að endurskipuleggja íslenskar stofnanir eða ekki. Að lokum fór Eftirlitsstofnunin enn einu sinni fram á það við íslensk stjórnvöld að þau tilkynntu eins fljótt og auðið væri um breytingar á öllum áætlunum um byggðastyrki við lýði sem giltu eftir 31. desember 1999.

Á fundi fulltrúa íslenskra stjórnvalda og Eftirlitsstofnunarinnar í Reykjavík 26. nóvember 1999 voru íslensk stjórnvöld enn minnt á skylduna um að tilkynna kort yfir styrkt svæði.

Í bréfi dagsettu 6. janúar 2000<sup>(9)</sup> frá sendiráði Íslands hjá Evrópusambandinu sem barst og var skrásett 6. janúar 2000, tilkynntu íslensk stjórnvöld Eftirlitsstofnuninni að nýtt frumvarp til laga um byggðastofnun myndi öðlast gildi 1. janúar 2000. Íslensk stjórnvöld tilkynntu Eftirlitsstofnuninni að ríkisstjórn Íslands ætlaði að styrkja sömu svæði og áður og að hlutfallslegur íbúafjöldi yrði notaður sem mælikvarði til að réttlæta styrki. Hlutfall af heildaríbúafjölda var 38,5% samkvæmt íslenskum stjórnvöldum. Í bréfinu var ennfremur greint frá því að íslensk stjórnvöld ætluðu að nota 20% af hreinu styrkjafjafnvirði sem hámark fyrir byggðastyrk með möguleika á 10% til viðbótar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Í bréfi dagsettu 12. janúar 2000<sup>(10)</sup>, frá sendiráði Íslands hjá Evrópusambandinu, sem barst og var skráð 12. janúar 2000, tilkynntu íslensk stjórnvöld að „*ný löggjöf öðlaðist gildi 1. janúar 2000. Samkvæmt nýju lögunum verður það hlutverk stjórnar Byggðastofnunar að taka ákvarðanir um nýjar áætlanir um byggðastyrki og veita styrki til einstaka verkefna. Engar nýjar ákvarðanir um byggðastyrki verða teknar fyrr en nýja stjórnin hefur verið kosin. Jafnskjótt og ný stjórn hefur verið kjörin mun ráðuneytið tilkynna henni um niverandi ástand um tilkynningu um byggðastyrki til Eftirlitsstofnunar EFTA. Ráðuneytið mun einnig fara fram á það við stjórnina að hún taki ekki neinar ákvarðanir um nýjar áætlanir um byggðastyrki fyrir en Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt tillögu um byggðastyrki frá íslenskum stjórnvöldum.*“

Í bréfi dagsettu 21. mars 2000<sup>(11)</sup>, frá sendiráði Íslands hjá Evrópusambandinu, sem barst og var skráð 21. mars 2000, áframsendi sendiráðið bréf frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu þar sem „*Ráðuneytið tilkynnir hér með tillögu um að öll svæði, að undanskildu svæði sem hér er kallað höfuðborgarsvæðið, eigi kost á byggðastyrkjum.*“ Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum var hlutfall heildaríbúafjölda sem bjó á styrktum svæðum 38,5% 1. desember 1999.

<sup>(6)</sup> Sjá skjal nr. 99-5111 A.

<sup>(7)</sup> Sjá skjal nr. 99-7324 A.

<sup>(8)</sup> Sjá skjal nr. 99-7348 D.

<sup>(9)</sup> Sjá skjal nr. 00-108 A.

<sup>(10)</sup> Sjá skjal nr. 00-236 A.

<sup>(11)</sup> Sjá skjal nr. 99-2410 A.

Í bréfi dagsettu 4. apríl 2000<sup>(12)</sup> tilkynnti Eftirlitsstofnunin íslenskum stjórnvöldum að hún liti ekki á bréfið frá 21. mars 2000 sem tilkynningu, þar sem ekki var vísað til 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(13)</sup>. Ennfremur teldi Eftirlitsstofnunin að framlagðar upplýsingar væru ófullnægjandi. Í tillögum væri ekki að finna neinar upplýsingar um umfang aðstoðar. Ennfremur vantaði í tillögum upplýsingar um aðferðir og magnvísbenda sem íslensk stjórnvöld hefðu notað til að ákvarða styrkhæf svæði<sup>(14)</sup>. Íslensk stjórnvöld voru minnt á að Ísland hefði, frá 1. janúar 2000 og þar til Eftirlitsstofnunin hefði samþykkt nýtt kort, ekkert gilt kort yfir styrkhæf svæði. Að lokum gerði Eftirlitsstofnunin grein fyrir að veiting hvers kyns byggðastyrkja án samþykkis hennar væri ólögleg.

Íslensk stjórnvöld samþykktu reglugerð um Byggðastofnun nr. 347/2000 frá 16. maí 2000<sup>(15)</sup>. Reglugerðin hefur að geyma ákvæði, sem meðal annars heimila Byggðastofnun að veita lán og ábyrgðir (14. gr.) og takmarka sveitarfélög sem heimilt er að veita byggðaaðstoð (17. gr.). Reglugerðin var samþykkt á grundvelli 19. gr. þinglaga nr. 106/1999 frá 27. desember 1999.

## II. MAT

Hvers kyns aðstoð á Íslandi sem veitt er af ríkisfjármunum mun ívilna ákveðnum fyrirtækjum í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Fyrirtæki sem njóta góðs af styrkjum munu í raun eða hugsanlega eiga í samkeppni við sambærileg fyrirtæki á Íslandi og í öðrum EES-riki. Slík aðstoð mun raska eða er til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti innan EES. Byggðastyrkur telst því ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Því ber Eftirlitsstofnuninni skylda til að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, í hvert sinn sem hún telur einhvern vafa leika á hvort aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Málsmeðferðin gildir í öllum tilvikum, hvort sem um er að ræða tilkynnta aðstoð eða aðstoð sem ekki hefur verið tilkynnt eða aðstoð sem er við lýði. Ákvörðun um að hefja málsmeðferð er með fyrirvara um lokaákvörðun. Markmið málsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er að tryggja að mál sé skoðað í heild með því að veita öllum hluteigandi aðilum rétt til að flytja mál sitt<sup>(16)</sup>.

Eftirlitsstofnunin lagði til tvenns konar viðeigandi ráðstafanir, samkvæmt 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, þegar nýju leiðbeiningarnar um byggðaaðstoð voru samþykktar 4. nóvember 1998. Í fyrsta lagi að EFTA-rikin takmörkuðu gildistíma allra lista yfir styrkt svæði, sem samþykktir væru af Eftirlitsstofnuninni, án lokadagsetningar eða sem rynnu út eftir 31. desember 1999, við 31. desember 1999. Í öðru lagi að EFTA-rikin breyttu öllum fyrirliggjandi áætlunum um byggðastyrki sem væru í gildi eftir 31. desember 1999 þannig að þær væru í samræmi við leiðbeiningarnar sem giltu frá 1. janúar 2000. Íslensk stjórnvöld samþykktu þessar viðeigandi ráðstafanir í bréfi sínu frá 7. júlí 1999.

Eftirlitsstofnunin hefur nokkrum sinnum (sjá I. lið hér að framan) minnt íslensk stjórnvöld á að henni bæri skylda til að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ef henni bærisk ekki nein tilkynning. Eftirlitsstofnunin hefur einnig gert íslenskum stjórnvöldum ljóst að Ísland hefði ekki gilt kort yfir styrkt svæði eftir 1. janúar 2000 og að allir byggðastyrkir sem væru veittir eftir þann tíma, án samþykkis Eftirlitsstofnunar væru ólögmatir<sup>(17)</sup>.

Íslensk stjórnvöld hafa sett lög um Byggðastofnun (sjá síðustu málsgrein í I. lið hér að framan) án þess að tilkynning hafi verið send Eftirlitsstofnuninni. Síðasti málsliður í 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól kveður á um að EFTA-riki skuli ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir um aðstoð fyrr en endanleg niðurstaða málsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. liggur fyrir. Þetta ákvæði felur í sér almennt bann við að hrinda aðstoð í framkvæmd áður en Eftirlitsstofnunin hefur tekið ákvörðun

<sup>(12)</sup> Sjá skjal nr. 00-2697 D.

<sup>(13)</sup> Sjá lið 3.2.3 í leiðbeiningunum.

<sup>(14)</sup> Sjá 25. kafla leiðbeininganna um byggðaaðstoð.

<sup>(15)</sup> Reglugerð frá 16. maí 2000 nr. 347/2000 fyrir Byggðastofnun. Heimildarlög: Lög nr. 106/1999 frá 27. desember 1999.

<sup>(16)</sup> Sjá kafla 5.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð.

<sup>(17)</sup> Ólögmat aðstoð vegna málsmeðferðar, sjá 6. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð.

(einnig í málum þar sem formleg málsmeðferð hefur ekki verið hafin). „Hrinda í framkvæmd“ merkir ekki aðeins að veita styrkþega aðstoð, heldur nægir að átt hafi sér stað valdaframsal sem gerir mögulegt að veita aðstoðina án frekari formlegrar meðferðar<sup>(18)</sup>. Samþykkt reglugerðar fyrir Bygðastofnun brýtur því í bága við 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Af þessu sökum ber Eftirlitsstofnuninni skylda til að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Eftirlitsstofnunin minnir íslensk stjórnvöld á að hún kundi að fara fram á það við íslensk stjórnvöld að þau fresti greiðslu á styrkjum þar til niðurstaða rannsóknar liggur fyrir<sup>(19)</sup>. Í tilvikum þar sem fyrirmæli um frestun á greiðslum nægir ekki getur Eftirlitsstofnunin einnig skipað íslenskum stjórnvöldum að endurheimta alla aðstoð sem hefur verið veitt í bága við kröfur um málsmeðferð. Ef Ísland lætur hjá líða að fresta greiðslu aðstoðar eða endurheimta aðstoð eftir að fyrirmæli um frestun hafa verið samþykkt, er Eftirlitsstofnuninni heimilt, á meðan hún rannsakar málið, að vísa málinu beint til EFTA dómstólsins og fara fram á yfirlýsingu um að slíkar greiðslur brjóti í bága við EES-samninginn.

Að lokum eru íslensk stjórnvöld minnt á að Eftirlitsstofnunin hefur vald til að halda málinu áfram og taka ákvörðun á grundvelli tiltækra upplýsinga, jafnvel þótt henni berist engar upplýsingar frá Íslandi.

\*\*\*\*\*

Eftirlitsstofnun EFTA veitir hér með EFTA-ríkjunum, aðildarríkjum ESB og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar við:

Eftirlitsstofnun EFTA  
74, rue de Trèves  
B-1040 Bruxelles

Athugasemdunum verður komið á framfæri við íslensk stjórnvöld.

\*\*\*\*\*

<sup>(18)</sup> Sjá kafla 3.3 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð.

<sup>(19)</sup> Málsmeðferðinni er lýst í kafla 6.2.1 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð.

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA  
nr. 142/00/COL**

**2000/EES/61/06**

**frá 26. júlí 2000**

**um að loka máli sem hafið var vegna kvörtunar yfir meintri ríkisaðstoð til  
ákveðinna fyrirtækja í formi tiltekinna skilmála í rafmagnssamningum  
(„Kraftkontrakter på myndighetsbestemte vilkår“)  
(ríkisaðstoð nr. 020.500.032) (Noregur)**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið<sup>(1)</sup>, einkum 61. til 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls<sup>(2)</sup>, einkum 24. gr. og 1. gr. í bókun 3,

með hliðsjón af leiðbeiningum Eftirlitsstofnunarinnar<sup>(3)</sup> um beitingu og túlkun á 61. og 62. gr. EES-samningsins

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**I. málsatvik**

**1. Inngangur**

Eftirlitsstofnuninni barst með bréfi dagsettu 25. maí 1999, sem tekið var á móti og skráð 27. maí 1999 (skjal nr. 99-3837 A), kvörtun frá norsku umhverfismálastofnuninni Bellona („Miljøstiftelsen Bellona“). Kvartandinn áleit að verð á raforku í fyrirhuguðum samningum milli Statkraft og 16 norskra fyrirtækja yrði undir markaðsverði og bryti það í bága við 61. gr. EES-samningsins. Statkraft, sem er að öllu leyti í eigu ríkisins, framleiðir rafmagn úr vatnsorku. Statkraft myndi neyðast til þess að ganga inn í þessa samninga samkvæmt skilmálum, settum af Stórþinginu (Stortinget). Kvartandinn vísar til frumvarps ríkisstjórnarinnar til Stórþingsins (St. prp. nr. 52 (1998-99) Om Statkrafts industrikontrakter og leieavtaler) sem lagt var fram 26. mars 1999.

**2. Iðnaðar- og leigusamningar Statkrafts („St. prp. nr. 52 (1998-99) Om Statkrafts industrikontrakter og leieavtaler“)**

Ríkisstjórnin lagði til í St. prp. nr. 52 (1998-99) að Statkraft byði 16 tilteknum fyrirtækjum nýja rafmagnssamninga, sem hæfust 1. janúar 2001 og giltu í 20 ár (hér á eftir kallaðir „52-samningarnir“). Viðkomandi fyrirtæki hafa með höndum orkufrekan iðnað og pappirs- og trjákvöðuiðnað. Verðskilmálar í þessum samningum áttu að endurspeglar áætluð markaðsverð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 15,5 aurum/kWh (verð frá 1999) fyrir samninga sem hæfust 1. janúar 2001. Fyrir samninga sem tækju gildi síðar yrði verð hærra, þar sem markaðsvæntingar benda til raunhækkunar á rafmagnsverði. Leiðréttu átti verð samkvæmt vísitölu vöru og þjónustu („Konsumprisindeksen“). Ennfremur átti að leiðréttu verð í 52-samningunum árið 2011 ef rafmagnsmarkaðurinn þróaðist á annan hátt er ráð var fyrir gert í St. prp. nr. 52. Ef meðaldagsverð á árunum 2006-2010 viki um meira en 1 eyri/kWh (verð frá 1999) frá 17,8 aurum/kWh (verð frá 1999), yrði samningsverðið leiðrétt í samræmi við það.

<sup>(1)</sup> Hér á eftir nefndur EES-samningurinn.

<sup>(2)</sup> Hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól.

<sup>(3)</sup> Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og gaf út 19. janúar 1994 (leiðbeiningar um ríkisaðstoð). Birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna L 231, 3.9.1994, bls. 1 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Leiðbeiningunum var síðast breytt 12. apríl 2000 og birtar í Stjtið. EB 274, 26.10.2000, bls. 29 og EES-viðbæti nr. 48, 26.10.2000, bls. 45.

Fyrirtæki sem ganga inn í nýju samningana yrðu að fallast á þrenns konar skilmála sem tengdust afkastatakörkunum í dreifikerfinu, dreifingarjöfnun í þurrkatíð (dry year buffer) og orkunýtni. Samkvæmt stöðluðum skilmálum í 52-samningunum verða fyrirtækin að geta boðið allt að 100 klukkutíma varaorkuförða á 12 mánuðum. Statnett (ríkisrekna dreifikerfið) getur beðið fyrirtækin um að draga úr orkunotkun með 15 mínútna fyrirvara. Ennfremur skylda 52-samningarnir iðnaðinn til að greiða dagsverð ef meðaldagsverð fer yfir 30 aura/kWh fyrir 168 klukkustundir samfleytt. Þannig deilda Statkraft og iðnaðurinn áhættunni vegna háa dagsverðs og orkuskortis í framtíðinni. Verðskilmálar samkvæmt St. prp. nr. 52 (1998-99), og sem um getur hér að framan, grundvallast á markaðsskilyrðum fyrir langtímaorkusamninga sem taka mið af verðgildi þjónustuskuldbindinganna.

Fyrirtækjunum yrðu boðnir samningar sem tækju til mest 50% (níu fyrirtæki) eða 70% (7 fyrirtæki) af raunverulegri orkupörf þeirra. Frá og með 2011 yrði smám saman dregið úr orkumagninu (6% á ári).

Samkvæmt St. prp. nr. 52, yrðu fyrirtæki sem féllust á 52-samningana að segja upp fyrirliggjandi samningum við Statkraft. Þetta varðar ellefu fyrirtæki af fyrirtækjunum 16. Fyrir fyrirtæki með samninga sem kveða á um lægra verð en byrjunarverðið í 52-samningunum, yrði byrjunarverð nýju samninganna lækkað. Lækkanir yrðu reiknaðar fyrir hvert fyrirtæki með því að 1) reikna til núvirðis mismuninn á áætluðu markaðsverði og gildandi samningsverði fyrir það sem eftir væri af samningstímabilinu og 2) umreikna þetta núvirði í verðlækkanir fyrir gildistíma nýju samninganna.

Bjóða átti þremur fyrirtækjum til viðbótar nýja leigusamninga í tengslum við þrjú orkuver<sup>(4)</sup>. Nýju leigusamningarnir hæfust 1. janúar 2001 og myndu gilda í 30 ár. Verðið átti að fastsetja við 15,75 aura/kWh (verð fyrir árið 1999) fyrir tímabilið 2001 til 2020. Verðið frá 2021 til 2030 yrði (að raunvirði) jafnt meðaldagsverði fyrir rafmagn á tímabilinu 2016 til 2020. Ennfremur yrðu tekin upp sambærileg uppsagnarákvæði og í öðrum (sölu-) samningum.

Stórþingið samþykkti St. prp. nr. 52 (1998-99) 16. júní 1999 með þremur breytingum<sup>(5)</sup>. Í fyrsta lagi var lækkuð á samningsmagn frá 2011 lækkað úr sex prósentum á ári í 5 prósent á ári. Í öðru lagi átti vísitölutengingin einnig að miðast við vísitölu heildsöluverðs. (Oliu- og orkumálaráðuneytið ákvað seinna að árlegar verðleiðréttingar skyldu grundvallaðar á meðaltali vísitölu vöru og þjónustu og vísitölu heildsöluverðs). Í þriðja lagi áttu tvö fyrirtæki til viðbótar (Becromal and Hunsfoss) að eiga kost á 52-samningum auk þeirra 16 fyrirtækja sem ríkisstjórnin lagði til.

### 3. Kvörtunin

Kvartandinn kemst að þeirri niðurstöðu að samningarnir í St. prp. nr. 52 séu ekki í samræmi við reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð (1. mgr. 61. gr.). Bellona telur að það sé mögulegt að fá 20 ára samninga á frjálsum markaði á verðinu 21 eyrir/KWh (fast nafnverð), á meðan byrjunarverðið í St. prp. nr. 52 samningunum væri 15,5 aurar/KWh (vísitölubundin verð fyrir árið 1999). Fyrir fyrirtæki með fyrirliggjandi 52-samninga við Statkraft gæti byrjunarverðið, með vísan til uppsagnarákvæða, farið niður í allt að ellefu aura/KWh (vísitölubundin verð fyrir árið 1999). Ef byrjunarverðið 15,5 aurar/KWh (vísitölubundin verð fyrir 1999) er borið saman við verðið 21 eyrir/KWh (fast nafnverð) á 20 ára tímabili, yrði vísitölubindingin að vera 3,1% á ári til þess að samningarnir væru efnahagslega jafngildir. Kvartandinn vísar til þeirrar staðreyndar að ríkisstjórnin hefur gert ráð fyrir 2,5% aukningu á vísitölu vöru og þjónustu þar til 2010. Því myndu fyrirtækin 16, samkvæmt Bellona, líklega njóta ríkisaðstoðar með því að ganga inn í 52-samningana. 52-samningarnir myndu falla undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og að mati kvartanda yrði ekki hægt að beita neinu undanþáguákvæðanna í 2. eða 3. mgr. 61. gr. hans.

<sup>(4)</sup> Saudavassdraget, Tyssovassdraget, og Bremanger.

<sup>(5)</sup> Innst. S. nr. 233 (1998-99): Innstilling frá energi- og miljøkomiteen om Statkrafts industrikontrakter og leieavtaler og om Kraftkontrakter med industrien.

#### 4. Bréfaskipti milli norskra stjórnvalda og Eftirlitsstofnunarinnar

Með bréfi frá 6. júlí 1999 (skjal nr. 99-5022 D) framsendi Eftirlitsstofnunin afrit af kvörtuninni frá Bellona til norskra stjórnvalda. Norsk stjórnvöld voru m.a. beðin um að leggja fram fullkomnar upplýsingar um fyrirkomulagið á úthlutun Statkraft á orkusamningum til einstakra fyrirtækja. Eftirlitsstofnunin bað norsk stjórnvöld sérstaklega að færa rök fyrir því hversvegna þau teldu að verð á raforku sem byðist tilteknum fyrirtækjum myndi ekki ívilna þessum fyrirtækjum í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Með bréfi frá 13. október 1999, sem barst stofnuninni og var skráð 14. október 1999 (skjal nr. 99-7668 A) svaraði sendiráð Noregs hjá Evrópusambandinu bréfi stofnunarinnar frá 6. júlí 1996. Í bréfinu var ítarleg greinargerð um fyrrverandi og núverandi fyrirkomulag á rafmagnsframleiðslu í Noregi, ásamt aðalatriðum St. prp. nr. 52 (1998-99). Í bréfinu héldu norsk stjórnvöld því fram að 52-samningarnir væru „grundvalladir á verðlagi sem miðaðist við langtímasamninga á orkumarkaðinum í dag, leiðréttu með tilliti til verðgildis tiltekinnar þjónustuskuldbindinga“.

Á fundi norskra embættismanna og Eftirlitsstofnunarinnar sem fram fór í Brussel 15. febrúar 2000, gerðu norsk stjórnvöld nákvæma grein fyrir efni St. prp. nr. 52 (1998-99).

Með bréfi frá 28. febrúar 2000 (skjal nr. 00-1613 D) bað stofnunin norsk stjórnvöld um nánari upplýsingar. Eftirlitsstofnunin bauð norskum stjórnvöldum m.a. aftur að gera athugasemdir við kvörtunina frá Bellona, leggja fram viðbótarupplýsingar um verðin í 52-samningunum og skýra hvernig virði þjónustuskuldbindinganna hefði verið reiknað.

Annar fundur norskra stjórnvalda og Eftirlitsstofnunarinnar um þessi mál var haldinn í Ósló 3. mars 2000. Sama dag átti Eftirlitsstofnunin fundi með fyrirtækjum á norska rafmagnsmarkaðinum.

Með bréfi frá 8. maí 2000, sem barst stofnuninni og var skráð 10. maí 2000 (skjal nr. 00-3577 A), lagði olíu- og orkumálaráðuneytið fram nánari upplýsingar. Ráðuneytið hélt því fram að „52-samningarnir eru grundvalladir á verðum sem hægt er að fá fyrir langtímasamninga á orkumarkaðinum í dag, leiðréttum með tilliti til verðgildis þjónustuskuldbindinganna. Að auki, er lækkanarleiðréttingin á samningsmagni frá 2011 reiknuð inn í samningsverðið. Verðið sem Bellona vísar til gildir um samninga án þjónustuskuldbindinga og með stöðugu ársmagni allt samningstímabilið. Því er ekki rétt að bera þessi tvö verð saman“. Ráðuneytið vísaði til fyrri bréfaskrifta og skýrði frá að „sýnt hefur verið fram á að verð ráðuneytisins er jafnt eða hærra en verð Bellona sem er 21 eyri/kWh, allt eftir afreiknistigunum.“

Í bréfinu frá 8. maí 2000 vísaði ráðuneytið ennfremur til þeirrar staðreyndar að Stórþingið breytti ákveðnum atriðum í St. prp. nr. 52 (1998-99). Þetta varðaði visitölubindingu samningsverðsins og lækkun á samningsmagni frá 2011. Til þess að fella inn þessar breytingar var upphafsverðið í 52-samningunum hækkað úr 15,50 aurum/kWh í 15,88 aura/kWh (verð fyrir árið 1999). Ráðuneytið benti einnig á að hægt væri að leiðrétta verðin í 52-samningunum frá 1. janúar 2011 ef verð á orkumarkaðinum þróuðust á annan hátt en ráð hefði verið gert fyrir. Ráðuneytið skýrði einnig frá því að iðnaðurinn yrði að greiða dagsverð, í hvert sinn sem þessi verði færu yfir 30 aura/kWh (verð fyrir árið 1999) samfleytt í sjö daga. Ennfremur fjallaði ráðuneytið m.a. um útreikning á þjónustuskuldbindingunum (orkueftirlit, dreifingarjöfnun í þurrkatið og orkunýtni) og uppsagnarákvæðið í 52-samningunum og leigusamningunum.

Í bréfi frá 12. maí 2000 (skjal nr. 00-3564 D) til norskra stjórnvalda skýrði Eftirlitsstofnunin frá því að „á grundvelli upplýsinga sem okkur hafa borist fram til þessa, telur Eftirlitsstofnunin að samningarnir sem um getur í St. prp. nr. 52 kunni að fela í sér aðstoð. Uppsagnarákvæði í fyrirhugudum samningum gera ráð fyrir að fyrirtæki með gildandi samninga (statkraftskontrakter) og leigusamninga (leieavtaler) hafi af því ávinning til lengri tíma. Hvað varðar fyrirtæki sem ekki eru með gildandi samninga, þ.e.a.s. sem falla ekki undir uppsagnarákvæðið, virðast verðskilmálar, sem gerð er grein fyrir í St. prp. nr. 52, hins vegar sambærilegir markaðsskilmálum. Ef Statkraft og fyrirtækin sem um getur í St. prp. nr. 52 gera með sér samninga samkvæmt þeim skilmálum sem nú er kveðið á um, þ.e. með uppsagnarákvæðum, yrði Eftirlitsstofnunin að hefja málsmeðferð samkvæmt 1 gr. bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.“

5. **Breytingar á skilmálum fyrir iðnaðarsamningum og leigusamningum Statkrafts (St. prp. nr. 78 (1999-00) Endringer i vilkårene for Statkrafts industrikontrakter og leieavtaler)**

Með bréfi frá 13. júní 2000 frá sendiráði Noregs hjá Evrópusambandinu, sem barst og var skráð 14. júní 2000 (skjal nr. 00-4346 A), tilkynntu norsk stjórnvöld Eftirlitsstofnuninni að þann 2. júní 2000 hefði norska ríkisstjórnin lagt tillögu fyrir Stórþingið um breytingu á skilmálum varðandi iðnaðarsamninga og leigusamninga Statkraft (St. prp. nr. 78 (1999-2000) Endringer i vilkårene for Statkrafts industrikontrakter og leieavtaler). Í frumvarpinu var lagt til að uppsagnarákvæðin í 52-samningunum væru felld brott. Þetta þýddi að fyrirliggjandi samningar og leigusamningar haldist óbreyttir þar til þeir falla úr gildi.

Með bréfi frá 27. júní 2000 frá norska olíu- og orkumálaráðuneytinu, sem barst og var skráð 29. júní 2000 (skjal nr. 00-4701 A), tilkynnti ráðuneytið Eftirlitsstofnuninni að Stórþingið hefði samþykkt St. prp. nr. 78 (1999-2000) hinn 14. júní 2000<sup>(6)</sup>.

## II. MAT

Kvartandinn taldi að verðin í 52-samningunum (sjá 2. lið í I. hluta hér að framan) yrðu undir markaðsverðum og að það bryti í bága við 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Til þess að aðstoð teljist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. verður hún að:

1. vera veitt af ríkisfjármunum,
2. raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara,
3. hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Þessi skilyrði væru uppfyllt ef Statkraft (seljandinn) væri skuldbundinn til að ganga inn í 52-samningana með skilmálum sem væru hagstæðari fyrir fyrirtækin (kaupendur) en markaðsskilmálar, þ.e. ef 52-samningarnir hefðu í för með sér fjárhagslegan ávinning fyrir kaupendur. Eftirlitsstofnunin verður því að greina og meta hugsanlega ríkisaðstoð í 52-samningunum.

Með samþykkt St. prp. nr. 78 (1999-2000) (sjá 5. lið í I. hluta hér að framan) voru uppsagnarákvæðin felld brott úr 52-samningunum. Þetta þýðir að núverandi samningar og leigusamningar haldast óbreyttir þar til þeir falla úr gildi. Þetta á við um samninga við 11 fyrirtæki og þrjá fyrrnefnda leigusamninga.

Verðið í 52-samningunum frá 1. janúar 2001 verður fastsett við 15,88 aura/KWh (verð fyrir árið 1999) og leiðrétt með hliðsjón af árlegri verðbólgu. Í samningum sem hefjast eftir þann tíma verður kveðið á um hærra verð þar sem horfur eru á að raunverð á rafmagni hækki. Ef verð á rafmagnsmarkaðinum þróast öðru vísni en við var búist, gera samningarnir ráð fyrir verðleiðréttingum frá 1. janúar 2011 og áfram. Að auki verða fyrirtækin skuldbundin til að greiða dagsverð ef meðaldagsverð fer yfir 30 aura/KWh í meira en 168 klukkustundir samfleytt.

<sup>(6)</sup> Innst. S. nr. 251 (1999-2000): Innstilling fra energi- og miljøkomiteen om endringer i vilkårene for Statkrafts industrikontrakter og leieavtaler.

Verðið í leigusamningunum er 15,75 aurar/KWh að raunvirði á tímabilinu frá 2001 til 2020. Þetta verð verður einnig leiðrétt að nafnvirði með tilliti til verðbólgu. Verðið frá 2021 til 2030 mun (að raunvirði) vera jafnt og meðaldagsverð á tímabilinu frá 2016 til 2020.

Fyrirtæki sem fallast á 52-samningana og leigusamningana verða að leggja sitt af mörkum til orkustjórnunar og dreifingarjöfnunar í þurrkatið. Virði þessara skuldbindinga endurspeglast í samningsverðunum.

Eftirlitsstofnunin hefur fengið allar nauðsynlegar upplýsingar frá norskum stjórnvöldum um verðin í langtímasamningunum. Norsk stjórnvöld hafa aflað upplýsinga úr ýmsum áttum (frá miðlurum) á orkumarkaðinum. Eftirlitsstofnunin hefur einnig aflað upplýsinga frá ýmsum aðilum. Þessar upplýsingar sýna að markaðsverð fyrir langtímarafmangssamninga hefur lækkað frá því að St. prp. nr. 52 (1998-99) var lagt fyrir Stórþingið. Nú er hægt að fá 20 ára samninga á fjálsnum markaði á u.þ.b. 19 aura/kWh. Þetta verð er fastsett á nafnvirði fyrir allt samningstímabilið og verður því ekki breytt með tilliti til verðbólgu. Bellona hélt því fram að samsvarandi verði myndi vera 21 eyrir/kWh.

Stofnunin er sammála því álitni norskra stjórnvalda að ekki sé rétt að gera beinan samanburð á milli verða samninganna í St. prp. nr. 52 (1998-99) og samninga sem ekki fela í sér þjónustuskuldbindingar og kveða á um sama magn á öllu samningstímabilinu. Ennfremur eru verð í 52-samningnum gefin upp á föstu verðlagi (15,88 aurar/kWh) en það verð sem raunverulega ber að greiða verður aðlagð með tilliti til verðbólgu. Verð það sem Bellona tiltekur er nafnverð sem mun haldast á samningstímanum og ekki aðlagð verðbólgu. Til þess að samningur á föstu nafnverði hafi samsvarandi efnahagslegt gildi og samningur með auknu nafnverði, yrði verðið í fyrra tilvikinu að vera hærra til að byrja með en hið síðarnefnda yrði hærra í lok samningstímans. Til þess að bera saman efnahagslegt virði samninganna beggja yrði að taka tillit til verðbólguþróunar og afreiknistiga.

Eftirlitsstofnunin hefur gert slíkan samanburð á grundvelli ólíkra fastra nafnverða með því að nota mismunandi afreiknistig og verð sem nemur 15,88 aurum/kWh visitölubundið með 2,25 prósentum á 20 ára tímabili. Með því að nota afreiknistig sem nemur sjö prósentum<sup>(7)</sup>, hefur stofnunin reiknað út að visitölubundið verð ráðuneytisins upp á 15,88 aura/kWh sé hærra en núverandi fast nafnverð á markaðinum upp á 19 aura/kWh. Að auki ber að taka til greina að fyrirtæki sem ganga inn í 52-samningana verða að uppfylla þjónustuskuldbindingar. Því getur stofnunin ekki komist að þeirri niðurstöðu að 52-samningarnir feli í sér ríkisaðstoð.

#### Niðurstaða

Í ljósi fyrrnefndra málsatvika og umfjöllunar er þessu máli lokað án frekari aðgerða af hálfu stofnunarinnar.

#### SAMÞYKKT ÞESSA ÁKVÖRDUN:

Skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA á kvörtun, sem barst og var skráð þann 27. maí 1999 (skjal nr. 99-3867 A), vegna meintrar ríkisaðstoðar til ákveðinna fyrirtækja í formi tiltekinna skilmála í rafmagnssamningum (*Kraftkontrakter på myndighetsbestemte vilkår*) (skjal nr. 020.500.032), er hér með lokið án frekari aðgerða.

Gjört í Brussel, 26. júlí 2000

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

*Knut Almestad*

*Hannes Hafstein*

forseti

stjórnarmaður.

<sup>(7)</sup> Sjö prósent eru lögð til grundvallar af norskum yfirvöldum. Sjá St.prp. nr. 52 (1998-99), bls. 14.

**Viðmiðunarfjárhæðir á sviði opinberra innkaupa  
sem gilda frá 1. júlí 2000**

2000/EES/61/07

1. Eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir gilda frá 1. júlí 2000 um samninga um opinber vörukaup, samkvæmt gerðinni sem um getur í 3. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/36/EBE), eins og henni var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn:

	<b>200 000 evrur</b>	<b>750 000 evrur</b>	<b>139 312 evrur</b>	<b>214 326 evrur</b>
			<b>(130 000 SDR)</b>	<b>(200 000 SDR)</b>
Íslenskar krónur	15 827 204	59 352 015	11 024 597	16 960 907
Svissneskir frankar (Liechtenstein)	322 780	1 210 425	224 836	345 901
Norskar krónur	1 670 000	6 262 500	1 163 255	1 789 622

2. Eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir gilda frá 1. janúar 2000 um opinbera verksamninga, samkvæmt gerðinni sem um getur í 2. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/37/EBE), eins og henni var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn:

	<b>1 000 000 evrur</b>	<b>5 000 000 evrur</b>	<b>5 358 153 evrur</b>
			<b>(5 000 000 SDR)</b>
Íslenskar krónur	79 136 020	396 680 000	424 022 903
Svissneskir frankar (Liechtenstein)	1 613 900	8 069 500	8 642 709
Norskar krónur	8 350 000	41 750 000	44 740 578

